



RÝNI / HUGLEIÐINGAR

Hamfarir, húsagrafir, samfélag	24–26
Þrifalegri en margur heldur	27
Rótað í framtíðinni	28–31
Fiskur og fólk	34–37
Fullveldi og lífsins blóm í hundrað ár	38–41
Borgum listamönnum	33
Samtíma ljósmyndir á sýningum	42–43

EFNI / GREINAR

Fréttir úr safnaheiminum	5, 6, 7, 49
Söfn og samfélag	7, 12
Vinna við gerð sýningarinnar	
Fiskur og fólk á Sjóminjasafninu	8–11
Safngripir og samfélag	13, 44, 45, 47
Ég held að hagur allra sé í fjölbreytninni	16–21
Framtíð safneigna í Bretlandi	22–23

Hvert viljum við stefna?

Veröldin er sem aldrei fyrr á hraðri siglingu inn í framtíðina. Við fljótum með. En er hætt á því að söfnin verði eftirbátar? Hvernig mun þeim reiða af á þeirri siglingu? Mun okkur takast að sigla á milli skers og báru? Eða munum við stranda eða brotlenda?

Við vitum af reynslu síðustu missera að það er ekki gefið að allt haldist óbreytt í safnaheiminum. Rekstur safna, annarra en bókasafna, er ekki hluti af lögbundnu hlutverki íslenskra sveitarfélaga. Þegar herðir að og hagræða verður er fyrst litið til slíkra verkefna. Þá virðist ekki vera spurt hvort að viðkomandi safn hafi staðið fyrir góðu starfi eða gert sig gildandi í héraði eða á landsvísi.

Við sáum á söfnum í Dublin í nýafstöðnum farskóla að sýndarveruleiki þjónar vaxandi hlutverki á mörgum söfnum. Það gengur svo langt að sum þeirra eru ekki með neina gripi í sýningum sínum. Skjáiir og önnur undratól eiga þar sviðið. Erfitt er að spá um þróunina varðandi áhuga og skilning fólks á liðinni fortíð og eiginlegum safngripum á tímum, þegar sjálfið hefur tekið öll völd. Aldagamlar stofnanir hafa bæði fyrr og síðar misst stöðu sína. Hið sama gæti vel orðið hlutskipti safna.

Þegar stöðu byggðasafnanna í Skagafirði og Borgarnesi var ógnað nýverið kom það öllum að óvörum. Bæði starfsmönnum, safnafólki og almenningi í héraði. Verður nokkuð

lært af þeirri reynslu eða erum við háð stöðu og vilja sveitarstjórna og embættismanna sveitarfélaga á hverjum tímum? Viljum við eða getum við haft einhver áhrif á þróun safnamála í landinu? Það stendur engum nær en safnmönnum sjálfum og söfnunum.

Eitt það fyrsta er að átta okkur á að landið er orðið eitt söfnunarsvæði. Sarpur hefur gert það kleift. Við verðum öll að aðlaga okkur að þeirri nýju hugsun og horfa til annarra safna og yfir mörk hreppa og héraða. Ágúst Ó. Georgsson sérfræðingur þjóðháttá í Þjóðminjasafni sem hefur unnið við grisjun safngripa benti á þetta í fyrirlestri og nefndi sem dæmi að til eru 239 ritvélur í söfnum landsins, 600 símtæki eða munir sem þeim tengjast, 190 talstöðvar og annað eins af straumbreytum. Það má spyrja sig hvenær er nóg til? Vandí sumra safna liggur í að þurfa að grisja safnkostinn en öll söfn standa frammi fyrir því erfiða verkefni að velja inn nýja safngripi til varðveislu.

Safnmenn eiga sér vettvang. Farskóli safnmanna verður 30 ára á næsta ári en þá verður 31 farskólinn haldinn á Patreksfirði. Í upphafi var farskólinn í námskeiðsformi, eins konar jafningjafræðsla. Það voru 48 sem sátu fyrsta farskólann í Skógum 1989. Þar hittust frumherjarnir, Egill á Hnjóti, Þórður í Skógum og Magnús Gestsson, en þar var líka ungt fólk sem hafði hlotið sérmenntun á sviði safnamála. Farskólinn hefur alla tíð verið vettvangur

fyrir samtal safnmanna og þar hafa bæði fulltrúar ríkisins og sveitarfélaganna tekið þátt. Erlendir fulltrúar hafa komið með innblástur og frásagnir og hugvekjur um hvernig staðið er að málum annars staðar. Farskólinn er því mikilvægur vettvangur sem verður að styrkja.

Safnmenn hafa líka eignast mál gagn í safnablaðinu Kvisti. Á blöðum hans er fjallað um það sem er efst á baugi á hverjum tíma, með innleggjum í faglega umræðu og fréttum af vettvangi íslenskra safna. Ekki er öðrum vettvangi til að dreifa fyrir þá umræðu. Vonandi bera safnmenn gæfu til að halda þeirri útgáfu áfram.

Inga Lára Baldvinsdóttir

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna

Ritstjóri Inga Lára Baldvinsdóttir

Ritstjórn Ingunn Jónsdóttir, Kolbrún Ýr

Einarsdóttir, Linda Ásdísardóttir, Sigrún

Kristjánsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Auglýsingar Linda Ásdísardóttir

Hönnun Ármann Agnarsson, Helgi Páll Melsted

Teikning á kápu Helgi Páll Melsted

Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISSN-2298-6944

Norræna safnið í Seattle



Í maímánuði síðastliðnum opnaði glæsilegt endurgert safn, The Nordic Museum, í Seattle í Washington-fylki í Bandaríkjunum. Safnið sérhæfir sig í norrænni menningu, gamalli og nýrri og stendur fyrir fjölda sýninga og viðburða frá Norðurlöndunum. Það var okkar eini sanni Guðni forseti sem klippti á borðann við opnunina. Á safninu má sjá ýmsa íslenska gripi og þar er nú sérstök sýning um íslenska búninginn. Safnið gefur út blað, Nordic Kultur með áhugaverðum greinum um norræna menningu. Hér má fræðast um þetta fína safn: www.nordicmuseum.org

Ljósmyndari: Margrét Hallgrímsdóttir

Sjóminjasafnið
í Reykjavík



Fiskur & fólk

Glæný grunnsýning!

Opið alla daga 10:00-17:00

www.borgarsogusafn.is

Vettfangsferðir

Á undanförunum árum hafa nemendur í safnafræði við Háskóla Íslands farið í vettvangsferðir víðsvegar um land sem hluta af náminu. Ferðirnar hafa mælst vel fyrir, en þær eru skipulagðar í samstarfi við ýmsar safnastofnanir. Vorið 2018 var safnið að Skógum heimsótt og tóku nemendur þar til hendinni við ýmis verk, eins og skráningar á safn-

gripum og þrif á safngripum í sýningarsölum safnsins. Haustið 2018 fór svo hópur af nemendum norður í Eyjafjarðarsveit, þar sem þeim var kynnt ýmis safntengd menningarstarfsemi í sveitarfélaginu og voru einnig við safnavinnu á Smámunasafni Sverris Hermannssonar.

Vatnið í náttúru Íslands


Náttúruminjasafn Íslands hefur fengið hluta Perlunnar, þar sem sýning á vegum Perlu norðursins hf. er til húsa, til að setja upp sýningu sem heitir Vatnið í náttúru Íslands. Hilmar J. Malmquist safnstóri er ánægður með að safnið hafi loks fengið sýningaraðstöðu og segir „Þetta tækifæri sem Perla norðursins býður Náttúruminjasafninu upp á er afar mikilvægt og þakkarvert. Það verður þó að hafa það í huga að þátttaka okkar í Perluverkefninu leysir ekki húsnaðisþörf fullbúins höfuðsafns undir rannsóknir, skrifstofur og sýningahald til framtíðar.“ Meira um málið hér: www.nmsi.is/uncategorized/natturuminjasafnid-i-perluna/

Aðgangseyrir eða ekki?

Tvö ár eru liðin síðan Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn tók upp aðgangseyri. Tekjur af honum skyldu vega upp á móti 2% niðurskurði til safnsins. Tekjurnar reyndust ekki duga til þess arna og gestum safnsins hefur fækkað um fjórðung.

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR

VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFÍR SILKIPAPPÍR
SÝRUFÍR KASSAR



— hvítlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

Hvert er samfélagslegt hlutverk safna?




Andri Guðmundsson
safnstjóri
Skógasafns

Samfélagslegt hlutverk safna er margþætt og mikilvægt hverju samfélagi fyrir sig. Söfnun, varðveisla og sýning gripa er mikilvægt starf ásamt því að stuðla að og stunda þverfaglegar rannsóknir á safnkostinum. Söfn eiga að ná til samfélagsins og miðla þekkingu með áhugaverðum hætti sem á ekki að krefjast sérþekkingar til að skilja. Hlutverk safna felst einnig í því að vera í tengslum við mennta- og menningarstofnanir og kveikja löngun þeirra til að nýta sér söfnin í sinni starfsemi. Mikilvægt starf safna er að byggja upp traust við sitt nærsamfélag svo almenningur geti með ánægju og vissu afhent söfn-um gripa til varðveislu og miðlunar.



Sigríður Melrós Ólafsdóttir
safnstjóri
Listasafns
Einars Jónssonar

Meira en að opna dyrnar, rukka inn og sýna safneignina. Starfsemin hverfist um að safna, vernda og miðla. Safn þarf að vera aðgengilegt, aðgangseyrir, opnunartími, staðsetning og framsetning má ekki vera hindrandi á sama tíma og varðveita þarf safnkostinn. En fyrir hverja? Söfn eru gjarnan í opinberri eigu og þjóna samfélaginu sem skapar þau. Samfélög eru þó margslungin og samanstanda af mismunandi hópum í nærsamfélagi og fjarsamfélagi.



Sólveig Hulda Benjamínsdóttir
forstöðumaður
safna í Húnaþingi

Gleymum því ekki að söfn hafa áhrif á samfélag og samfélag á söfnin, svona rúllar þetta því allt er breytingum háð og starfsemi safna fylgir menningar- og tískustraumum. Fyrst og fremst þurfum við þó að treysta því að söfnin geymi söguna, tímann og menningararfinn, hvernig svo sem við vinnum úr því og miðlum á hverjum tíma fyrir sig.

Söfn og Alzheimer

Í fimm ár hefur Stedelijk listasafnið í Amsterdam staðið fyrir móttöku fólks með Alzheimer. Hér lýsir safnfólkið reynslu sinni af verkefninu:

www.facebook.com/Stedelijk/videos/2295817847100575

Hér á landi hefur Halldóra Arnardóttir listfræðingur verið með ámóta verkefni í undirbúningi, byggt á reynslu frá Spáni og þegar hafa nokkur söfn í landinu ákveðið að taka þátt. Halldóra og samstarfsfólk hennar skrifuðu bók, einskona handbók, um hvernig nýta megi söfn, listir og menningartengda þætti til að bæta líf þeirra sem glíma við þennan sjúkdóm.



Vinna við gerð sýningarinnar *Fiskur og fólk á* Sjóminjasafninu

Í byrjun sumars var mikið um að vera á Sjóminjasafninu í Reykjavík vestur á Granda. Safnið hafið verið lokað frá því um áramótin, þar sem verið var að vinna að endurbótum á húsnaðinu og gerð nýrra sýninga. Ný grunnsýning Sjóminjasafnsins, *Fiskur og fólk*, var formlega opnuð í endurgerðu safni 8. júní sl. Þessi sýning er eitt af stærstu verkefnum Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem varð til árið 2014 með sameiningu sögusafna borgarinnar undir einn hatt og hafði verið unnið að sýningargerðinni allt frá þeim tíma. Þetta er viðamikið verkefni á íslenskan mælikvarða og margir lögðust þar á árar. Kvisti lék forvitni á að heyra í þeim sem að þessari vinnu komu og fyrir svörum voru þau Guðbrandur Benediktsson safnstjóri og Sigrún Kristjánsdóttir deildarstjóri miðlunar og fræðslu og sýningarstjóri hinnar nýju sýningar.

Hvernig var unnið með grunnhugmyndir fyrir sýninguna?

Í kjölfar stofnunar Borgarsögusafns var farið var að huga að ýmsum umbótaverkefnum á Sjóminjasafninu og sér í lagi gerð nýrrar grunnsýningar og var það sett á dagskrá sem eitt af stærstu verkefnum hins nýja sameinaða safns. Segja má að vinnan við sýninguna hafi hafist strax árið 2014, en þá komum við stórum hluta af skrifstofu safnsins fyrir á

Sjóminjasafninu, m.a. flestum úr sýningardeildinni, svo fólk fengi færi á að kynnst húsinu, gömlu sýningunni og tíma til að melta möguleika og hugmyndir að nýrri sýningu. Við vildum marka Sjóminjasafninu í Reykjavík ákveðna sérstöðu, ekki bara út frá efninu sjálfu, sögunni, heldur líka efnistöðum og miðlun. Við um land er að sjálfsgöðu fjallað um sjósókn og veiðar, bæði á byggðasöfnum, sem og söfnum með sérstaka áherslu á vissa þætti, eins og hið glæsilega Síldarminjasafn á Siglufirði.

Það voru ákveðnar forsendur og markmið sem við settum okkur fljótlega, sem voru leiðarhnoða okkar í allri vinnunni. Til grundvallar lá að sjálfsgöðu sú staðreynd að sjávarútvegur hefur verið og er enn lykilþáttur í sögu Íslands og við vildum sýna breidd atvinnuvegarins, hve margir koma að honum með einu eða öðru móti, vísindafólk, stjórnamálamenn, sjómenn, fiskverkafólk í landi, makar, börn, söluaðilar og neytendur. Allir leggja sitt af mörkum og einnig þeir sem vinna að því að finna leiðir til að nýta allt annað en fiskinn sjálfan, þ.e. roð og bein og annað það sem nýta má.

Nábýlið við hafið hefur mótað okkur á margvíslegan hátt, bæði einstaklingana og samfélagið í heild, að ónefndri menningu okkar. Engu að



síður er staðreyndin sú, að úr grasi vaxa núna kynslóðir sem hafa minni tengingu við sjávarútveg en fyrri kynslóðir, hafa litla þekkingu á efninu og jafnvel lítinn áhuga. Stefna okkar var að halda þessari mikilvægu sögu til haga og miðla henni, ekki síst til þessa hóps. Markmið okkar var og er að Sjóminjasafnið verði hornsteinninn í miðlun sögu þessa geira atvinnulífsins og menningar.

Í undibúningsvinnunni lögðum við áherslu á að greina markhópa hennar. Jafnframt var ljóst að sýning sem þessi þyrfti að þjóna erlendum gestum borgarinnar og efnid þurfti því að vera þeim aðgengilegt. Engu að síður urðum við að gæta þess að tala ekki á nokkurn hátt niður til þeirra sem tilheyra þessari sögu, þeirra fjölmörgu sem hafa verið á sjó eða tengjast sjávarútvegi, einfaldlega viðfangsefnið sjálft.

Við settum okkur líka það markmið að sýningin yrði á vissan hátt heima-völlur atvinnugreinarinnar og fengum við til liðs við okkur ýmis fyrirtæki, samtök, stofnanir og einstaklinga sem gerðu okkur mögulegt að sigla þessu verkefni í höfn.


Sýningin Fiskur & fólk – sjó-sókn í 150 ár á Sjóminjasafninu í Reykjavík fjallar um sögu fiskveiða á Íslandi, frá því árabátar viku fyrir stórskipaútgerð á síðustu áratugum 19. aldar og allt fram yfir aldamótin 2000. Þessi margslungna saga er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur. Umgjörðin á Sjóminjasafninu við Grandagarð er viðeigandi, en safnhúsið hýsti áður blómlega fiskvinnslu Bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Við fengum stóran og breiðan hóp fólks til samtals við okkur til að marka sýningunni svið í tíma og nálgun. Til að komast að niðurstöðu voru fengnir, auk sýningarnefndar úr röðum starfsfólks, fjölmargir sérfræðingar á ýmsum sviðum s.s. fiskifræðingar, umhverfisfræðingar, hönnuðir, rithöfundar ofl ofl til að vinna að hugmyndinni.

„Front end evaluation“

Að meta sýningargerð á öllum stigum er ákveðið verkfæri til þess að afla upplýsinga um sýningu út frá sjónarhóli notenda og meta þannig hvort sýning muni ná tilætluðum markmiðum. Þannig er hægt að átta sig á helstu styrk- og veikleikum þess sem verið er að búa til. Við framkvæmd þessa verkefnis var unnið eftir aðferðafræði safngestarannsókna, að fá rýni-hópa til að meta þær hugmyndir sem lágu til grundvallar í upphafi sýningargerðarinnar.

Við vildum gera okkar besta til að ástunda það sem kallast á ensku „best practice“ og hluti af því var að framkvæma það sem, líka á ensku, kallast „front end evaluation“. Þá eru hópar fólks (tilvonandi gesta) spurðir hvað þeir vilji sjá á sýningu sem þessari. Það komu nokkuð skýrar niðurstöður, þó



aðeins misjafnt eftir hópum (þeir sem unnu í greininni höfðu t.d. annað sjónarhorn en hinir), fólk hafði mikinn áhuga á sögum einstaklinga og þeirri menningu sem fylgir sjómennskunni. Þetta hafði áhrif á sýningargerðina í þá veru að það er meira um persónulegar frásagnir en hafði verið ráðgert áður. Það eru fjölmargar leiðir til að vinna sýningu sem þessa og margar spurningar sem þurfti að svara: Átti sýningin að vera í tímaröð eða þemu innan tímaramma? Átti hún að fjalla um tæknina eða sjómanninn, nú eða áhrif sjávarútvegsins á efnahagsmálin eða hvernig sjómennska, veiðar og hafið er inngróið í menningu lands-

manna? Hvaða tímaramma átti að marka sýningunni? Sýningunni var að lokum markaður tími frá lokum árabátatímans til nútímans. Því réðu þau tímamót að með bættem skipakosti samfara tækniframförum var hægt að sækja lengra út, geyma fiskinn lengur og selja víðar. Einnig að á söfnum víða um land má sjá vitnisburð um eldri tíma.

Niðurstaðan um efnistöð var að grunnstefið skyldi vera leið fiskisins úr hafinu og niður í maga og allir þeir viðkomustaðir sem eru þar á milli. Hugsunin var að búa til afar einfaldan söguþráð sem gerði það að verkum



Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnuvegur Íslendinga um árabil og hefur skapað landsmönnum þau efnahagslegu gæði sem þeir njóta nú. Það er eðlilegt og mikilvægt að Íslendingar og gestir okkar fái tækifæri til að skoða á einum stað hvernig atvinnuvegurinn hefur þróast og haft áhrif á aðstæður fólks í landinu. Íslendingar búa á eyju og samskipti þeirra við hafið hafa haft mótandi áhrif, ekki bara á efnahagslíf heldur einnig á menningu, tilfinningalíf og lífsviðhorf.

að auðveldara var að hengja flóknari sögur á þann þráð. Sjónarhornið er frá Reykjavík þar sem við erum Reykjavíkursafn en þar sem fjallað er um yfirgripsmikla hluti svo sem sjóslys eða útflutning og heildarveiðar, er allt landið undir.

Gildi fisks fyrir afkomu Íslendinga verður seint ofmetið. Fiskur hefur verið mikilvægur hluti af íslensku mataræði um aldir, sem og ein verðmætasta útflutningsvara þjóðarinnar. Sýningin Fiskur & fólk er byggð kringum aðalpersónu þessarar sögu: Fiskinn sjálfan. Honum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu – og loks á diskinn.

Þegar grunnhugmyndin var í höfn hófst hin eiginlega handritsgerð. Sú vinna tók um eitt ár og hélt að einhverju leyti áfram fram á síðustu stundu. Endanlegur texti var svo skrifaður uppúr handritinu. Til

þeirra verka, þ.e. utanumhalds handrits og gerð texta voru ráðnir utanaðkomandi aðilar.

Hvernig var hönnun sýningarinnar háttað?

Þegar hugmyndin var orðin heilleg og handrit komið vel á veg var leitað til hönnuða. Ákveðið var að ráða erlenda hönnuði og var það gert til að fá „gests augað“ á okkar gamla atvinnuveg. Við lögðum áherslu á ferskleika og nýjungar og markmið okkar var að vinna með öflugum aðilum sem við gætum jafnframt lært af, bæði hvað varðar nálgun og aðferðir. Það er óhætt að segja að sú vinna hafi verið okkur lærdómsrík, og reynt á, því þarna kynntumst við vinnubrögðum sem voru okkur áður ókunn.

Hönnun sýningarinnar var í höndum hollenska fyrirtækisins *Kossmann*. *dejong* með hönnuðinn Matt Verheuven í broddi fylkingar. Þetta er stórt fyrirtæki sem starfar á alþjóðavísu og hefur m.a. komið að gerð sýninga á sjóminjasöfnunum í Danmörku og í Rotterdam, svo dæmi séu tekin. Það var mjög margt frumlegt sem kom frá þeim hollensku og við fundum

hve mikla reynslu og þekkingu þeir höfðu. Saman unnum við að því að flétta saman hönnun sýningarinnar og efnið sjálft, til að mynda sterka heild og það var gaman að taka þátt í þessari vinnu. Yfirbragð sýningarinnar er sótt í umhverfi nútíma frystihúss og fiskvinnslu. Það má sjá flísalagða vegg, járnklæddar hurðir, fiskiker og pallettur úr plasti. Enn fremur var leitast við það að ákveðin einkenni hússins sem við erum í yrðu dregin fram. Húsið var upphaflega fiskvinnsluhús og vel við hæfi að stærstur hluti sýningarinnar sé einmitt í gamla vinnslusalnum. Ríkulegu myndefni, ljósmyndum og kvikmyndum, er ætlað að skapa lifandi stemmningu á sýningunni. Viðtöl við einstaklinga og sérfræðinga í faginu – til dæmis sjómenn, sjávarlíffræðinga og fiskverkafólk – sem einnig er sótt í gamlar og nýjar heimildir um sjósókn, er ætlað að dýpka umfjöllunarefnið og sýna margar hliðar þess. Gagnvirkir skjáir og leikir gefa færi á þátttöku gesta og ýmis sérstæð fyrirbæri vekja athygli og umhugsun, svo sem stærðarinnar turn úr þurrkuðum saltfiski og fiskikar fullt af skringilegum afla sem einnig fyllir sjóinn: Plasti og öðru drasli.

Við vildum að sýningin væri bæði fræðandi og skemmtileg (það vilja auðvitað allir!) og höfðaði jafnt til þeirra sem þekkja vel til sjósóknar og sögu hennar og hinna sem aldrei hafa á sjó komið.

Hvernig gekk uppsetningin?

Það er ekki heiglum hent að koma sýningu sem þessari á fót! Áður en hægt var að byrja á að huga að uppsetningu þurfti að lagfæra húsnæðið mikið. Sú vinna skaraðist að lokum við uppsetningarvinnuna sem reyndi nokkuð á þolrif safnafólks því illa gekk að fá húsnæðið afhent ryklaust í tæka tíð. Ýmis önnur tímamörk stóðust ekki sem var stresshvetjandi. Flest stóðst þó og

allur sá fjöldi fólks sem kom að lagfæringu húsnæðisins og uppsetningu sýningarinnar var jákvæður og vinnusamur og kláraði sín verk með sóma.

Val á gripum er mikið nákvæmnisverk og tímafrekt auk þess sem hátt í þúsund ljósmyndir eru á sýningunni. Allt þurfti að velja, forverja eða skanna, skrifa texta um, þýða osfrv. Til uppsetningarinnar var valinn hópur úr röðum starfsfólks auk góðra utanaðkomandi sérfræðinga. Hópurinn undirbjó uppsetninguna vel því ljóst var að við hefðum mjög stuttan tíma til stefnu til hinnar eiginlegu uppsetningar vegna vinnu við húsnæðið. Það voru

búin til nákvæm mót á pappír fyrir hvern sýningarskáp svo þegar það varð loks mögulegt að hengja upp var það frekar fljótlegt. Annað var síður hægt að undirbúa og reyndi þá á hópinn að finna góðar lausnir bæði fljótt og vel. Það er ekki að orðlengja það að hópurinn stóð sig stórkostlega vel og vann verkið með gleði og áhuga, sem nauðsynlegt var til að klára verkið. Það tókst, allt var tilbúið fyrir opnun, þótt margur hefði efast um að svo yrði, á löngum tímabilum!

Ljósmyndir: Borgarsögusafn



Safnasafnið

Fyrir stofnun Safnasafnsins í ársbyrjun 1995 voru formuð ítarleg markmið í skipulagsskrá sem miðuðu að því að laða til þess fólks sem átti ekki innangengt í önnur listhús. Ljóst var að mikil verðmæti gætu farið í súginn og nauðsynlegt að stuðla að ákveðnum breytingum í íslenskum menningarkimnum.

Safnasafnið styður jafnrétti kynjanna, minni- og meirihlutahópa og þá sem eru jafarsettir í listalífnum af einhverjum ástæðum, það er í samfloti með þeim menningarstofnunum sem sýna samfélagslega ábyrgð. Safnið speglar fjölbeytileika, ólíkar skoðanir manna, viðhorf og tjáningarmáta.

Umgerðin er skuldlaus eign, 2 hús, listaverk reist af næmu fegurðarskyni og hugkvæmni með óvæntum lausn-

um, vísbendingum og áherslum, felld að heillandi náttúru með útsýni til fjarðar og fjalla, samhliða gömlum gróðurreit og læk sem hjalar við eyra.

Safnasafnið er í eðli sínu víðfemt samfélag sem tekur mið af sjálfsprottinni sköpun, saklausri frásögn og margslunginni tjáningu. Það leitast við að opna augu fólks fyrir gildum mismunandi hluta og minninga og samhljómi persónulegrar iðju og fjöldaframleiðslu. Í þessu fordómalausum umhverfi dafna viðhorf listamanna sem hugsa í takti þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og viðfangsefni, og þau tíðindi gerast æftar að brothætt fólki sem áður gekk með veggjum kemur í heimsókn og tjáir sig hispurslaust við stofnendur um hugðarefni sín og þann anda sem ríkir ofar hverri kröfu - eða eins og segir í vísunni:



Allt sem andar undir gler
allt sem litar teiginn
allt sem fyrir augu ber
allt mun lýsa veginn

Sýningar Safnasafnsins eru þaulhugsáðar og mikil vinna lögð í úttektir, ímynd, útlit, flæði á milli hæða, aðkomu í rými, sjónlínur, tengsl, stigmögnun hughrifa og nærveru fólks sem útskýrir og leiðbeinir. Safnið eflir alþjóðlega fagmennsku og ábyrgð, viðheldur hugsjónum sínum, kynnir frumlegar hugmyndir sem vekja ósjálfrátt hrifningu og hafa áhrif á önnur listasöfn. Það er gagnvirk, flott og óútreiknanlegt!

Niels Hafstein, safnstjóri

Byggða- og minjasafnið Kört

Söfn spegla samfélög, mótun þeirra, menningu og mannlíf. Það er svo í höndum þeirra sem söfnunum stjórna hvaða mynd birtist í speglinum hverju sinni. Í því er fólgið vandmeðfarið vald. Hvað viljum við sjá og hvað viljum við sýna? Hvað þurfum við að sjá? Hvað dýpkar skilning okkar á sjálfum okkur sem einstaklingum eða samfélagi? Þær áherslur sem lagðar eru hverju sinni geta virkað líkt og lagfæringar á sjálfsmyndum á samfélagsmiðlum. Ýkt upp ákveðna þætti sem vissulega eru til staðar en gefa þeim þar með meira vægi en tilefni er til. Þannig er hægt að stjórna þeirri mynd sem við gestinum blasir. Það er gríðarlega mikilvægt að stjórnendur safna beri virðingu fyrir þessu valdi sínu og fari vel með það. Séu þess meðvitaðir


hverju sinni að þeim beri að gæta hlutleysis og skila til gesta sinna eins raunsannri mynd og kostur er. Það er ekki hægt án yfirgripsmikillar þekkingar. Og það er einmitt þekkingin sem er stærsti auður safna. Þekking og varðveisla á þeim menningararfi sem söfnum tilheyrir er eitt megin verkefni og skylda þeirra við samfélagið. Menningararfur hvort sem hann er í áþreifanlegu formi muna eða falinn í munnlegri geymd er efniviður minjasafna á borð við Kört í Trékyllisvík. Safn sem tók að mótast mörgum áratugum áður en fyrsta sýningin leit dagsins ljós. Löngu áður en þekkingin var nógu víðfedm og meitluð í senn til að skila henni til gesta byrjaði ungur maður að bjarga gripum og sögnum frá glötnum. Því hvenær verður safn



safn? Svarið við því er líklega þegar safnið er farið að sinna grunn skyldum sínum við samfélagið, að bæði varðveita og miðla af vandvirkni og virðingu. Þegar samfélagið fann að sú væri raunin í Kört skapaðist traust. Á því trausti byggir það samspil safns og samfélags að safninu berist gripir til varðveislu og þess að fólki sæki safnið heim og fari þaðan á einhvern hátt ríkara en það kom.

Rakel Valgeirsdóttir, starfsmaður í Kört

Boðleiðir réttar



Nokkrir árgangar af fjallskilaseðlum úr Borgarhreppi eru varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands (Þjms-1989–72). Þeir urðu mér upprifjun á samskiptum fólks í sveitinni minni í bernsku. Það fylgdi því nokkur eftirvænting að bíða eftir að fjallskilaseðillinn kæmi í okkar hendur frá Krums-hólum. Það reið á koma honum frá einum til annars á tilsettum tíma eða eins og oddvitinn í Álfтанes-hreppi á fyrri hluta 20. aldar skrifaði á seðlinn: „Berist boðleið rétta með hæfilegum hraða“.

Það kom í hlut okkar krakkanna að fara með eintakið sem skyldi ganga milli bæja eftir aldagömlum boðleiðum þar sem bæjarröðin var fastmót-uð. Að fara með fjallaskilaseðilinn var ábyrgðarverk. Eftirvæntingin sam-fara seðlunum var tvíþætt. Annars vegar að sjá hver fjallskil ársins yrðu.

Í hvaða leitir ætti að fara og í hvaða skilarétt. Skilin voru samt oftast þau sömu ár frá ári en það gat breyst eftir því hvernig reikningsdæmi hrepps-nefndarinnar gekk upp. Þá þýddi boðsendingin að gest bar að garði og í kjölfarið þurfti að reka erindi til næsta bæjar á boðleiðinni. Ferð fjallskilaseðilsins um sveitina hafði þannig ákveðna félagslega þýðingu.

Fjallskilaseðlarnir í Þjóðminjasafni- nu eru frá árunum 1952 til 1986 en einhver ár vantar inni. Þeir elstu eru handskrifaðir og má þekkja á þeim rithönd oddvitanna á hverjum tíma. Á þeim eru fleiri sem skila dagsverk- um í opinberu fjárstússi því fjallskil voru lögð á bændur, heimasætur og -sáta. Ungt fólk sem síðar yfirgaf heimahagana til búsetu í þéttbýlinu skyldi standa sína plikt í fjallferðum.

Á níunda áratugnum kom til sögunn- ar ritvél hjá oddvitnum og við það eitt breyttist andi seðlanna. Þá er aðeins bæjarnafna getið en manna- nöfnin dottin út. Seðlarnir verða þannig með tímanum ópersónulegri. Spegill samfélagsins í Borgarhreppn- um hefur máðst.

Samskipti milli manna hafa bylst svo um munar. Það mun þó vera þannig nú að fjallskilaseðlar eru sendir með póstinum sem enn er fluttur frá Ís- landspósti í Borgarnesi. Það er líklegt að þeir séu jafnframt sendir rafrænt. Hinar fornu boðleiðir milli bæja verða senn yngri kynslóðum lítt kunnar. Með þeim hverfur aldagömul hefð úr íslensku samfélagi.

Lilja Árnadóttir, sviðsstjóri
í Þjóðminjasafni Íslands

Blái Skjöldurinn á Íslandi

Árið 2014 var landsnefnd Bláa Skjaldarins stofnuð að frumkvæði eftirtalinnna félaga: alþjóðasamtaka safna (ICOM), menningarminja- staða (ICOMOS), skjalasafna (ICA) og bókasafna (IFLA) en hægt er að fræðast um öll verkefni Bláa Skjaldarins á heimsíðunni www.blaiskjoldurinn.is

Styrkur Bláa Skjaldarins er að vera þverfagleg samtök sem gerir honum kleift að sameina krafta ólíkra menningarstofnana. Tengslin við alþjóðlegt net B.S. veitir aðgang að sérþekkingu og gerir landsnefndinni kleift að deila upplýsingum um t.d. viðbragðáætlun, viðbrögð við vá og endurreisn eftir hamfarir. Nefndin hefur sett af stað verkefni (Pilotverkefni: Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi) til að hvetja fagaðila frá menningarstofnunum, sveitarfélögum og Almannavörnum til að vinna saman til að tryggja bestu viðbrögð við björgun menningarverðmæta við náttúruhamfarir. Skýrsla með niðurstöðum og tillögum um aðgerðir á landsvísi verður birt á heimasíðu Bláa Skjaldarins fyrir lok ársins og fyrsta námskeið á vegum B.S. um viðbragðáætlun gegn vá þar sem starfsmönnum menningarstofnana, menningarfulltrúum og öðrum fulltrúum sveitarfélaga er boðið að taka þátt, fer fram í Árnes-sýslu í lok október.

Menningararfur andspænis náttúruhamförum: forvarnir og björgunaraðgerðir

Ráðstefnan á vegum Íslenska forvarða félagsins (NKF) Cultural heritage facing catastrophe: Prevention and recoveries sem fór fram í Hörpu dagana 26.–28. september síðastliðinn markar tímamót. Fjöldi sérfræðinga (30), innlendra sem erlenda frá 16 löndum voru samankomnir til að deila sinni þekkingu og reynslu með 120 gestum (af þeim voru um það bil 30% Íslendingar). Íslendingar fengu einstakt tækifæri til að bera saman bækur og meta sína stöðu

hvað varðar öryggi menningararfsins. Á ráðstefnunni kom fram að afleiðingar loftlagsbreytinga hafa bæst við áhyggjur sem fagfólkið þarf að reikna með s.s. flóð eða eyðileggingu menningarminja vegna hækkunar sjávar. Dæmin (case-studies) um alvarleg tjón vegna skorts á fyrirbyggjandi aðgerðum voru sláandi. En sem betur fer var jákvætt að átta sig á að víðtæk þekking í formi handbóka, greina og námskeiða til að takmarka tjón er til staðar og aðgengileg.




Skógasafnið þakið svörtu öskulagi 18.04.2010. Ljósmyndari Hans-Martin Hamamoser.

Er viðbragðsáætlun þín í lagi?

Þrátt fyrir hörmungar og hamfarir af ýmsum toga hefur Íslendingum tekist að varðveita viðkvæman og merkilegan menningararf sem er í dag aðgengilegur öllum í söfnum landsins. Á síðustu 10 árum hafa tvær hamfarir haft mikil áhrif á menningararf okkar: jarðskjálfti á Suðurlandi 29. maí 2008 sem olli miklum skemmdum á Byggðasafni Árnesinga og eldgos í Eyjafallajökli vorið 2010 þar sem öskulög þöktu safnkost byggðasafnsins á Skógum í heild sinni. Í báðum tilfellum var neyðaráætlun um björgun gripa ekki til og nauðsynlegt að skipuleggja björgunaraðgerðir eftir á.

Síðan hefur ýmislegt verið gert til að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir á söfnum gegn vá, t.d. er neyðaráætlun eitt af mörgum skilyrðum sem söfnin þurfa að uppfylla til að fá viðurkenningu frá Safnaráði. Kafla um viðbrögð gegn vá er að finna í handbókinni sem Þjóðminjasafn Íslands gaf út 2011 í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Landbókasafn Íslands-Háskólabókasafn.

Heimildir:
<https://www.nkf2018.is/>
Ráðstefnuritið NKF verður gefið út fyrir lok ársins.
Einnig má nálgast upplýsingar um öryggismál á íslensku heimasíðu Bláa Skjaldarins.



Húsið á Eyrarbakki 30. apríl 2008 eftir jarðskjálfta á Suðurlandi. Ljósmyndari Ívar Brynjólfsson.



**Menningar- og listamiðstöð
Hafnarfjarðar**

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður

www.hafnarborg.is



Ég held að hagur allra sé í fjölbreytninni

T alsmenn Kvists, þær Inga Lára Baldvinsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir lögðu land undir fót og tóku strikið norður til Akureyrar. Tilefnið var hinar miklu breytingar sem eru að verða á Listasafninu á Akureyri og að taka Hlyn Hallsson safnstjóra tali. Í stuttu máli má segja að þær urðu dolfallnar af hrifningu yfir hve vel hafði til tekist og hversu mikil breytingin var á allri aðstöðu safnsins bæði hið ytra sem innra.

Listasafnið á Akureyri á aldarfjórðungsafmæli. Það hefur þjónað hvort tveggja sem safn og sýningarsalur á þessum 25 árum. Hver er safneign listasafnsins og hvernig er henni við haldið? Hvar og hvernig er safnkosturinn geymdur? Hvernig er með skráningu safnkostsins?

Safneign listasafnsins er ekki mjög stór. Safnið á rúmlega 700 verk. Helsta ástæða þess að safneignin er ekki stærri er að Listasafnið á Akureyri var ekki stofnað utan um neina stofngjöf. Verkunum hefur verið safnað gegnum tíðina. Akureyrarbær hef-



ur keypt verk annað slagið og þannig hefur safneignin byggst upp. Þetta var gert nokkuð markvisst eftir að safnið var stofnað árið 1993 en þá sáu Safnráð og innkaupanefnd um kaupin. Þegar hafið var að reka safnið sem sjálfstætt fyrirtæki datt þessi kvöð um að safna verkum upp fyrir. Síðan höfum við því miður ekki haft eyrnamerkt fjármagn til að kaupa verk. Við höfum hins vegar alltaf passað okkur á því að nýta árlegan rekstrarafgang til listaverkakaupa. Þannig höfum við á síðustu árum náð að kaupa nokkur verk á hverju ári, auk þess sem við höfum fengið gjafir. Það var til dæmis mjög ánægjulegt í síðasta mánuði að fá að gjöf verk eftir Louisu Matthíasdóttur því gefandanum fannst það náttúrulega ótækt þegar hún komst að því að Listasafnið á Akureyri ætti ekkert verk eftir hana.

Varðandi skráninguna þá erum við að undirbúa það að safneignin verði skráð inn á Sarp þar sem hún verður öllum aðgengileg. Við fengum styrk frá Safnaráði til að ljósmynda safneignina og erum að vinna í því. Í fyrra voru skráningarnar okkar hafa verið í miklum lamasessi, en nú horfir til betri vegar með það, við fáum nýjar fínar geymslur. En stefna safnsins er reyndar að sýna sem flest verk. Flest þeirra sjö hundruð verka sem safnið á eru til sýnis í stofnunum bæjarins, á dvalarheimilinu Hlíð, í skólum bæjarins, niðri í Ráðhúsi, á skrifstofum o.s.frv. Á síðustu mánuðum höfum við verið að innkalla nokkur þessara verka fyrir safneignarsýningu.

Hver var aðdragandinn að þeim miklu breytingum sem eru að verða á safninu um þessar mundir?

Það er engin tilviljun að þetta hús varð fyrir valinu fyrir safnið þegar það var stofnað fyrir 25 árum. Meirihluti hússins stóð þá auður. Húsið er stórt og glæsilegt, hýsti áður Mjólkursamlag KEA, og er staðsett í miðju bæjarins. Menn horfðu sérstaklega til efstu hæðarinnar, þar sem var mikil lofthæð og stórir salir, en til að byrja með var safninu komið fyrir á þriðju hæð og hefur verið þar síðan. Ketilhúsið bættist svo við síðar, sem hafði áður verið hluti af menningar- miðstöðinni í Listagili. Ketilhúsið kom sér sérstaklega vel eftir að við þurftum að loka Mjólkursamlaginu. Nú hafa þessi hús verið sameinuð og hafa einn sameiginlegan inngang.



Þetta er algjör bylting í starfsemi safnsins. Aðgengi verður miklu betra, fyrir hreyfihamlaða, börn og aldraða, það verður lyfta og við losnum við alla þröskulda. Öll aðstaða fyrir safnkennslu er stórbætt, við fáum sérstakt rými ætlað börnum og til að taka á móti skólahópum og tengjum við það sýningarrými sem á að höfða til barna sérstaklega. Aðstaða starfsfólks er líka orðin betri, skrifstofurnar komnar á einn stað, og móttaka verka og þökkun verður auðveldari.

Hvað áhrif mun þessi andlitslyfting hafa á grunnstarfsemi safnsins?

Við flutninginn upp á efstu hæð hússins tvöfaldast sýningarrými safnsins og er nú 3.000 fm. Þar af eru sýningarsalir 745 fm og útisvalir 50 fm sem einnig eru notaðar sem sýningarrými. Annað er geymslur, móttaka verka, safnkennsla, verkstæði, kaffihús, salerni, gangar, skrifstofur, vinnustofur listamanna, sjálfstætt rekin sýningarrými, vinnustofur og íbúðir gestalistamanna og fleira.

Við skiptum þessu upp í tólf sýningarrými. Það er kostur hvað þetta

eru ólík rými. Sum eru lítil og önnur stór. Við sjáum að einn salur hentar fyrir skúlptúra og annar fyrir málverk og annar fyrir vídeóverk og þannig áfram. Nýja viðbyggingin sem tengir saman Ketilhúsið og Mjólkur-samlagið er á tveimur hæðum. Á annarri hæðinni er salur og á fyrstu hæð er kaffihús.

Ég lít á það sem mjög mikinn kost fyrir safn að hafa kaffihús þar sem fólk getur hist, sest niður og gluggað í myndlistarbækur og spjallað saman. Við hönnun hússins var kaffihúsið hugsað sem sjálfstæð eining jafnvel þó það væri í safninu, kaffihúsið er t.d. með lengri opnunartíma en safnið.

Hverjum á safnið að þjóna?


Hver er markhópurinn?

Hver er merking og mikilvægi safnsins fyrir nærumhverfið, Akureyringa, nærsveitarmenn, Íslendinga, heiminn?

Safnið er í eigu Akureyrarbæjar og þá þarf maður að hafa í huga að safnið á að þjóna Akureyringum. En um leið þjónar það auðvitað gestum Akureyrar. Á sumrin eru um 80% gestanna ferðamenn. Yfir vetrartím-

ann snýst hlutfallið næstum því við, þá eru um 30% ferðamenn og 70% heimafolk. Stór hluti þessara gesta eru skólahópar. Við lítum á listasafnið sem hluta af samfélaginu, við viljum fá alla Akureyringa í safnið og helst á hverju ári. Og við vitum að ef Akureyringar eru stoltir af safninu segja þeir gestum frá því. Við leggjum mjög mikla áherslu á skólaheimsóknir, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það er samt mikilvægt að fræðsluhlutverk safnsins miðist ekki bara við leik- og grunnskóla heldur nái víðar út í samfélagið. Þess vegna byrjuðum við með þriðjudagsfyrirlestrana okkar, tólf fyrirlestra á hverri önn. Þetta er opið öllum og ókeypis, alla þriðjudaga klukkan 5. Þetta eru ekki eingöngu fyrirlestrar um myndlist heldur allt mögulegt, t.d. íslenskt mál, tónlist og leiklist. Háskólinn, þá sérstaklega kennaradeildina, sér um hluta af fyrirlestrunum. Verkmenntaskólinn, Gilfélagið, Myndlistarfélagið og Myndlistarskólinn leggja líka til fyrirlesara.

Safnið einbeitir sér að norðlenskri myndlist, þó að við höfum líka áhuga á að safna íslenskri myndlist almennt sem og erlendri.



Reynir safnið markvisst að ná sambandi við jaðarhópa sem eiga erfitt með að nálgast safnið, hvort sem er af andlegum eða líkamlegum ástæðum?

Við erum þáttakendur í verkefni með Halldóru Arnardóttur sem snýst um móttöku alzheimer sjúklunga á söfn. Þegar Halldóra verður sýningarstjóri hér á yfirlitssýningunni um Örn Inga ætlar hún að setja starfsfólkið sérstaklega inn í þessi mál. En við erum líka að hugsa til hópa eins og innflytjenda og aldræðra. Við erum nú þegar með sérstaka dagskrá fyrir geðfatlaða. Svo er áhugi fyrir því í bæjarstjórninni hér á Akureyri að tengja eftirskóla frístund grunnskólabarna við söfnin í bænum og við höfum mikinn áhuga á að taka á móti þeim hópum.

Ef við lítum til baka sjáum við að listasöfn á Íslandi hafa verið heldur elítusinnuð í sýn sinni á list. Það var athyglisvert að sjá að fljótlega eftir að þú byrjaðir hérna var safnið með sýningu á styttnum, Elísabetar Geirmundsdóttur, listakonunnar í fjörunni. Hversu breið er sýn safnsins á

það hvað telst vera sýningarhæft? Og mætti ekki líka hugsa sér að eitt af hlutverkum safnsins væri að safna til sín því besta utan úr heimi svo heimamenn fái breiðari sýn inn í heim listarinnar?

Þegar maður er með listasafn í litlu samfélagi, hér eru um 18.000 íbúar, er þeim mun mikilvægara að sérhæfa sig ekki heldur taka alla breiddina. Ég hef ekkert á móti því að sýna myndlist sem höfðar til fjöldans og líka myndlist sem höfðar bara til mjög fárra. Þetta getum við gert á safninu vegna þess að við höfum mörg ólík rými. Sýning Elísabetar Geirmundsdóttur sem þið nefnduð áður sló aðsóknarmet yfir vetrartíma. Meðalaldur gesta var hærri meðan sú sýning var opin en börn sýndu henni líka mikinn áhuga, þessari konu sem starfaði hér, hafði ekki menntað sig í myndlist en gat gert ótrúlegustu hluti, skúlptúra, málverk, teikningar, auk þess sem hún samdi ljóð og lög. Ég held að sambland vinsælla sýninga af þessu tagi og sýninga á því besta sem er að gerast í myndlist geti víkkt að sjóndeildarhring margra gesta. Sumir sem komu kannski til að sjá

sýninguna um Elísabetu gætu vel litið á hinar sýningarnar þegar þeir eru einu sinni komnir á safnið. Og auðvitað fussa einhverjir og sveia og það er allt í lagi, þeir eru held ég miklu fleiri sem hugsa með sér að þetta sé líka áhugavert og koma aftur á safnið til að sjá meira.

Það er líka frábært að hafa Safna-safnið, sem leggur sérstaka áherslu á alþýðulist í sambland við nútíma-myndlist, hérna í nágrenninu.

Möguleikarnir eru svo margir, það er til dæmis hægt að vekja athygli á óþekktum listamönnum með því að setja upp samsýningar þar sem bæði þekktir og minna þekktir listamenn koma við sögu. Margir voru til dæmis hissa þegar við settum upp ljósmyndasýninguna „Fólkl“, af því að þar voru myndir eftir lítt þekkta norðlenska ljósmyndara á sömu sýningu og verk eftir fræga ljósmyndara eins og Wolfgang Tillmans.

Eruð þið með einhverjar hugmyndir um þemasýningar?

Já, okkur langar til dæmis til að setja upp „MeToo“-sýningu en það verkefni



er enn á grunnstigi. Við teljum að það sé ekki gott að setja þá sýningu upp of snemma, kannski 2020 þegar það er aðeins liðið frá og við getum betur skilið samhengið.

Við erum oft spurð út í þessa togstreitu milli þess svæðisbundna og þess alþjóðlega. Áherslan á þessu ári hefur verið á hið svæðisbundna, meðal annars út af opnun safnsins. Á móti verður næsta ár frekar alþjóðlegt. Við verðum til dæmis með stóra sýningu á samtímalist frá Lettlandi. Mireya Samper ætlar að setja upp samsýningu og svo verða tvær erlendar einkasýningar. Við reynum að sinna hinu gamla og hinu nýja.

Setjið þið ykkur stefnu til tveggja, þriggja ára um hvers konar list á að sýna og í hvaða hlutföllum?

Við höfum það í huga og við erum með sýningar- og söfnunarstefnu.

Hvernig mótast sýningarstefnan? Hvernig eru sýningar valdar og hverjir velja þær? Taka gestir safnsins þátt í mótun stefnunnar?

Við erum með safnráð sem kemur með tillögur og svo er stjórn sem samþykkir þær. Flestar tillögurnar koma frá mér eða öðru starfsfólki safnsins en við höfum líka tekið inn hugmyndir frá safngestum. Einu sinni kölluðum við til okkar alla leikskólastjóra bæjarins og spurðum þá hvað leikskólabörn vildu sjá. Svarið var að þau vildu helst sjá eigin verk svo við gerðum sýningu sem heitir „Sköpun bernskunnar“ að föstum lið árlega. Þar eru verk eftir leik- og grunnskólabörn í bland við verk eftir starfandi listamenn sem snúast um bernskuna.

Við tökum almennt ekki við umsóknum en við fáum ýmsar tillögur sem við tökum fyrir. Annað hvert ár erum við þó með eina sýningu þar sem við tökum við umsóknum, þær eru hugsaðar sem samsýningar norðlenskra listamanna.

Eru sýningarstjórar í stóru hlutverki?

Já, stundum ganga starfsmenn safnsins í þetta hlutverk en stundum fáum við utanaðkomandi sýningarstjóra.

Hver ar afstaðan til safneignarinnar, hefur hún meira eða minna vægi en áður? Verðið þið með fastasýningu?

Já við erum með fastasýningu á safneigninni. Það hefur háð íslenskum listasöfnum að hafa ekki nægilegt rými til að geta haft fasta safneignarsýningu. Við höfum tekið eftir því að gestir safnsins, ekki bara heimafolk heldur líka erlendir gestir, vilja fá að sjá safneignina, klassíska myndlist.

Hver er starfsmannafjöldinn og breytist það við stækkun safnsins?

Starfsmannafjöldinn er 7, þar af tveir í hlutastarfi. Það er ekki gert ráð fyrir að þeim muni fjölga, þó að ég vonist til þess í framtíðinni.

Hvernig vinnst svona baráttumál, þessi mikla stækkun á umfangi listasafnsins?

Þegar fólk fjargviðrast yfir því að það sé búið að eyða svo og svo mörgum

milljónum í þetta safn bendi ég þeim iðulega á að við höfum verið að safna fyrir þessu í 25 ár. Þegar að safnið var stofnað lá það fyrir að það yrði á endanum fært upp á efstu hæðina. Húsið sjálft lá fyrir skemmdum því það hafði staðið autt í svo langan tíma. Sem betur fer ákváðu menn að gera þetta af stórhug og gera það vel svo að þetta gæti orðið framtíðarhúsnæði safnsins. Auðvitað þarf pólitíkin að vinna með, það þarf einhver að standa með málinu og það var tilfellið fyrir fjórum árum síðan þegar ákveðið var að ganga í þetta verkefni.

Það þarf ýmislegt að koma saman. Það er ekki sjálfsgefið að svona lítið samfélag leggist í svona verkefni.

Hvað er þetta stórt í peningum?

Ég held að þetta séu um 700 milljónir samtals. Um helmingurinn af þessu gæti hafa farið í að koma húsinu í stand.

Það er búið að plægja jarðveginn lengi, þá á ég við bæði myndlistarmenn og Akureyri. Sjöftuogeitt-hvað byrjaði maður að heyra um



myndlist á Akureyri sem eitthvað sér fyrirbæri. Svo má nefna starfsemi Gilfélagsins. Það virðist sem öll þessi þróun sé grunnurinn að þessu nýja safni.

Já, þegar Gilfélagið var stofnað árið 1990 tóku listamenn sig saman um að bjarga þessum húsum. Það stóð til dæmis til að rífa öll húsin á annarri hlið götunnar og breikka þannig götuna. Það er auðvitað frábært að sú barátta hafi skilað árangri og að starfsemin hafi haldið áfram þó að auðvit að séu hæðir og lægðir í þessu.

Fjölgun ferðamanna á Akureyri hefur hjálpað við að réttlæta það að setja peninga í listasafnið. Ferðamenn sem koma til Akureyrar spyrja: „Hvar er listasafnið? Hvað er hér að sjá?“ Listasafn er eitt af því sem laðar fólk að.

Verður aðgangseyrir?

Jú, við tókum aftur upp aðgangseyri fyrir nokkrum árum síðan. Það mun kosta 1500 kr. inn í safnið. Það verður ókeypis fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri og allt skólafólk.

Hvaða áhrif heldur þú að þessi bætta aðstaða safnsins hafi fyrir samfélagið á Akureyri, á Akureyri sem búsetustað?

Ég held að hér geti maður litið til sögunnar. Þegar safnið var stofnað árið 1993 voru sambandsiðnaðurinn og KEA og fleira á niðurleið og mikið atvinnuleysi hérna. En sú uppbygging sem átti sér stað í menningarstarfsemi í bænum, stofnun listasafnsins og tilkoma vinnuaðstöðu fyrir skapandi fólk, skipti sköpum fyrir sjálfsímynd bæjarbúa. Bæjarstjóri Akureyrar á þessum tíma segir frá því að einn þeirra listamanna sem voru að störfum hér þegar þessi starfsemi var að fara í gang hafi þakkað honum sérstaklega fyrir að koma þessu á fót, vegna þess að einu jákvæðu fréttirnar frá Akureyri sneru að einmitt þessu, listalífínu. Ég held að þetta listasafn verði segull fyrir ferðamenn og aðra og laði fólk að miðbænum, sem hefur átt undir högg að sækja síðustu ár. Ég held að þessi áhrif muni margfaldast og að eftir nokkur ár muni fólk líta þessa stækkun á safninu jákvæðum augum því miðbærinn verður líflegri og skemmtilegri. Og maður sér að þegar það er

farið að gera upp húsin hér fer fólkíð hinum megin við götuna að mála og taka til hjá sér.

Eruð þið í samvinnu við önnur söfn?

Sem safn úti á landbyggðinni höfum við sótt mikið í samvinnu, t.d. við Listasafn Reykjavíkur, þaðan höfum við fengið lánuð verk, og Listasafn Íslands, við erum t.d. í samstarfi með þeim um barnasýningarnar. Við höfum líka sett upp samsýningar með ýmsum öðrum söfnum, Listasafni Árnesinga, Listasafni ASÍ og Minjasafninu á Dalvík. Mér finnst mikilvægt að það sé ekki einungis samstarf milli listasafna heldur að þau eigi líka í samstarfi við önnur söfn.

Önnur starfsemi?

Við viljum að safnið sé ekki einungis safn heldur tengi sig grasrótinni, að hér sé aðstaða fyrir starfandi listamenn og að þeir geti haft sýningarými með myndlist sem þeir vinna að. Gestavinnustofa Gilfélagsins hefur verið hér í næstum 30 ár og nú bætast við tvær gestavinnustofur og vinnustofa fyrir fræðimann. Það má líta á þetta sem eina leið til að mynda tengsl við útlönd, því langflestir þeirra sem dvelja á vinnustofunum eru erlendir listamenn. Stofurnar verða líka eitthvað notaðar fyrir listamenn sem eru að sýna hjá okkur. Það búa margir listamenn hér í Gilinu og myndlistarfélagið verður hinum megin við götuna. Ég held að hagar allra sé í fjölbreytninni.



Ljósmyndir:
Listasafnið á Akureyri

Alistair Brown

Viðá um heim hrannast hlutir upp í söfnum og fólk virðist ráðþrota yfir því hvað eigi að gera við þá. Hér á eftir fer þýdd grein þar sem vandamálið er tæklað.

Hver er framtíð safneigna í Bretlandi?

Alistair Brown, starfsmaður í stefnumótun hjá bresku safnasamtökunum (Museums Association) lýsir grunnhugmyndinni úr verkefni þeirra um Söfn 2030. Greinin birtist á vefsíðu bandarísku safnasamtakanna Americal Alliance of Museums þann 4. september 2018 www.aam-us.org/2018/09/04/collections-2030-what-future-for-museum-collections-in-the-uk/) og er liður í áherslum AAM á hnattræna hugsun og því að læra af samstarfsfólki í öðrum löndum heimsins.

Hvernig lítur næsti áratugur út varðandi safneignir í Bretlandi? Þessari spurningu velta bresku safnasamtökin, Museums Association upp í nýju rannsóknarverkefni, Collections 2030.

Á þessu ári höfum við tekið viðtöl við starfsmenn safna, fræðimenn og notendur um stóru málin sem þurfa að rata í framtíðarskipulag á safneignum. Hvaða straumum og stefnum þurfum við laga okkur að? Munu vinnubrögð í meðhöndlun og mati á safneign breytast? Hvaða áhrif hafa komandi kynslóðir sem munu taka við stjórninni í söfnunum okkar? Og búum við yfir því innra skipulagi sem þarf bæði til þess að viðhalda viðgangi safneigna, en líka til að gera þær gildandi hjá almenningi og í samfélaginu?

Í september verða birtar niðurstöður úr fyrsta þætti rannsóknarinnar – greinin er um þrjú umfjöllunarefni sem við teljum að öll söfn þurfi að taka til álita á næstu tíu árum; hvernig safneignir geti orðið meira valdeflandi, hvernig eigi að auka vægi safneigna, og hvernig eigi að stýra safneignum þannig að þær verði dýnamískari.

1. Valdeflandi safneign

Margir viðmælendur okkar sögðu frá því að eitt af höfuðatriðunum sé möguleiki safneignarinnar til að breyta lífi fólks til batnaðar. Safneign veitir gríðarlega möguleika til valdeflingar fólks og á tímum aðskilnaðar á félagslega- og pólitíska sviðinu, á tímum loftslagsbreytinga með

tilheyrandi áhrifum á umhverfið og breytingum á íbúasamsetningu, þá sjá mörg söfn fyrir sér að gegna auknu hlutverki í því að styðja við virkni í samfélaginu, að nota safneignir til að hvetja fólk til þátttöku og að leggja fólk til staðreyndir og skilning sem varðar þeirra málstað.

Þetta hlutverk safnsins er þeim mun mikilvægara vegna þess að söfn eru meðal fárra stofnana í samfélaginu sem viðhalda trausti almennings. Fólk hlustar og lætur sig varða um þær sögur sem söfn kunna að fjalla um með notkun á safneigninni og það ríkir skilningur á þeim siðferðislegu skyldum sem söfn bera til þess að veita réttar upplýsingar um safneignir sínar. Á næsta áratug munu söfn geta notað safneignir sínar til valdeflingar

Sumir halda því fram að traust almennings haldist í hendur við hlutleysi safna og stöðu þeirra sem veitendur óháðrar þekkingar, og það að taka þátt í málefnum líðandi stundar grafi undan þessu trausti. En þessi skoðun virðist á undanhaldi – það er útbreitt viðhorf að söfn séu ekki hlutlaus og að þau jafnt og safneignir þeirra séu afsprengi skoðana, fordóma og reynslu safnaranna, sérfræðinga í safneigninni og þeirra sem veita til þeirra fjármagni og setja þau saman.

fólks í því að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, veita þeim innsýn og tæki til að leysa vandamál nútímans, til að skera upp herör gegn ójafnrétti eða einfaldlega tengja saman fólk. Meðfram þessu munu söfn líka þurfa að horfast í augu við gagnrýni sem beinist að því hvernig sagan birtist í safneigninni - sérstaklega þurfa söfn að gera sér far um að skilja og taka á því sem snertir arfleifð nýlendutímans í safneigninni.

2. Að safneignin sé metin og skipti máli

Söfn eru oft hvött til þess að gera sig meira málsmetandi. Flest söfn hafa nú þegar opnað sig betur fyrir almenningi, með góðum árangri á síðustu áratugum, en eru söfn búin að hugleidda hvernig safneignir þeirra geta haft meiri þýðingu?

Það að vera í miklum metum virðist vera síbreytilegur mælikvarði fyrir söfn – gerð er krafa um að fylgjast vel með tíðarandanum, menningarfyrirbærum eða nýjustu tækni til að vera þar sem fólk er. En það að vera málsmetandi, að skipta máli er teygjanlegt hugtak og fer fram á að spurningin sé orðuð beint: Hverja skiptir safnið máli? Svarið við spurningunni mun vera breytilegt eftir samfélögunum á staðnum, hver kemur og hver kemur ekki, auk þess þarf að taka safneignina inn í myndina, hvernig hún hefur verið túlkuð, notuð og sýnd. Það að skipta máli getur tengst viðbragði safnsins við breyttum tíðaranda eða átaka-

málum í fréttum, en það getur líka kallað á að tekið sé til athugunar hvernig hlutur eða safneign getur skipt máli fyrir manneskju, hóp eða samfélag á ákveðnum tímamarki.

Áskorun safnanna næsta áratuginn er að hlusta á safngesti, notendur og málsaðila til að skilja hvernig safneignir geta skipt máli og hvaða sögur þær kunna að opna fyrir. Við þurfum að leyfa nýju og gagnrýnu samfélagi að túlka safneignir að nýju og að hugsa frjálst um það hvernig megi breikka þann hóp fólks sem safneignir geta skipt máli.

3. Dýnamísk safneign

Til þess að þróa valdeflandi safneignir sem skipta máli þurfum við að hafa skilning á því hvað við erum með í höndunum. Mörg söfn – sérstaklega þau sem eiga stórar safnheildir sem hafa byggst upp á áratugum eða í gegnum aldir – geta ekki staðið skil á því með vissu hvað þau varðveita. Skráning á safneign er oft ófullnægjandi og ekki tilbúin fyrir stafrænu öldina. Geymslur eru fullar og dýrmætum auðlindum er sóað í gripi sem falla ekki undir núverandi stefnu eða eru til í öðru eintaki á söfnum annarsstaðar. Það sem meira er, söfn eru reglulega gagnrýnd í fjölmiðlum fyrir að hafa stærsta hluta safneignarinnar „falinn í geymslunni.“

Söfn þurfa að horfast í augu við þessi atriði. Við þurfum að taka til greina allt lífskeið söfnunar, forvörslu,

rannsóknir, notkun, og grisjun sem einn heildrænan feril. Í Mendoza skýrslunni [innsk. þýðanda sem var gefin út 2017] um söfn í Englandi er mælt til þess að söfn taki upp ákveðna nálgun: Dynamic Collections Curation and Management. Samt er enn spurning um hvernig það sem þar er lagt til geti orðið að veruleika.

Á næsta áratug munu gefast tækifæri til að gera safneignir dýnamískari. Margar mögulegar lausnir eru þegar í deiglu – að aðlagja sérfræðiþekkingu á geymslumálum úr flutninga- iðnaði; búa til ný kerfi til að safna þekkingu fjöldsans á safneignum; og að kynna þær leiðir sem söfn nota þegar til að losa sig á siðlegan hátt við þá hluti sem eiga ekki lengur heima í safneigninni. Það virðist sem blanda af tæknilegum nýjungum, auknu hugrekki sérfræðinga, samvinnu, og aukinni notkun á framlagi almennings geti tryggt að stjórn safneigna sé bæði skilvirk og hafi áhrif og gefi fólki raunverulega hlutdeild í framtíð safneigna.

Mat á forgangsöröðun verkefna þegar kemur að safneignum er auðvitað gríðarstórt umfjöllunarefni. Það sem ljóst er af umræðum okkar til þessa er að það er mikill áhugi á því í safnaheiminum í Bretlandi að vera metnaðarfull og að taka meiri áhættu með safneignir til þess að höfða til nýrra hópa og til að hafa meiri áhrif þvert á samfélagið. Það krefst leiðsagnar eigenda safna og stjórnenda og heiðarlegra samræðna þvert yfir sviðið um okkar næstu skref.

Opið er fyrir innsendar athugasemdir um verkefni Bresku safnasamtakanna Safneignir 2030 til 23. nóvember. Frekari upplýsingar á www.museumsassociation.org/home

Þýðing Ingunn Jónsdóttir, safnafræðingur

HAMFARIR, HÚSAGRAFIR, SAMFÉLAG

Þann 23. janúar 1973 hófst eldgos á Heimaey, einu byggðu eyjunni í Vestmannaeyjaklasanum. Gosið stóð í rúma fimm mánuði og lauk 3. júlí sama ár. Eftir því sem á leið gosið var ljóst að fjölmargir íbúar höfðu misst hús sín, þar sem þau höfðu grafið undir glóandi hraunstraumnum og í flestum tilvikum höfðu einnig misst mikið af sínum persónulegum eignum. Áætlað er að um fjögurhundruð hús hafi horfið undir hraunið. Áhrif gossins á mann- og atvinnulífið í Vestmanneyjum voru því umtalsverð og ekki síst eftir að gosinu lauk. Íbúar bæjarins þurftu að takast á við fok á vikri frá gosstöðvunum yfir byggðina í mörg ár. Mikill húsnaðisskortur myndaðist eftir gosið og hafði áhrif á hversu margir sáu sér fært að flytjast aftur til Eyja. Sá þáttur sem hefur lítið verið fjallað um í tengslum við gosið og afleiðingar þess, er hlutverk minninga af gosinu sem mótagandi afl fyrir fólk sem bæði býr í Eyjum og líka þá sem fluttust á brott eftir gosið og hafa ekki snúið til baka. Með opnun Eldheima, safni minninganna, varð hins vegar breyting á. En með safninu er samfélagið í Eyjum að draga erfiða reynslu og minningar fram í dagsljósið.

„Erfiðar minningar“

Safnafræðingurinn Eilaine Heumann Gurian hefur haldið því fram að samfélagslegar stofnanir, eins og söfn, auki á stöðugleika samfélaga. Söfn

safna, varðveita og færa komandi kynslóðum fortíðina og málefni sem þykja mikilvæg í hverjum samtíma. Söfn eru fyrir Gurian „stofnanir um minningar“, en aðrar stofnanir af sama meidi eru bókasöfn, skjalasöfn, trúarlegar stofnanir, helgir staðir og í sumum tilfellum gamalt fólk. Þessar stofnanir eiga það sameiginlegt að varðveita sameign fólks. Stofnanirnar deila ábyrgð á því að hlúa að minningum og gera þær aðgengilegar. Sem slíkar eru stofnanirnar mikilvægar fyrir heilbrigði samfélaga. Að mati Gurian auka þær lífsgæði fólks, veita fólki tækifæri til að afla sér þekkingar og stuðla að stöðugleika. En hvað gerist á viðsjárverðum tímum, þegar samfélögum er ógnað af völdum stríðs eða náttúruhamföllum? Hvað verðum um sameign samfélaga þegar þau flytja búferlum vegna slíkra breytinga? Og það sem meira er um vert í því samhengi sem hér um ræðir: Hvernig takast samfélög á við endurheimt minninga þegar fólk snýr til baka eftir átök og eyðileggingu eins og náttúruhamfarir? Gegna söfn einhverjum hlutverkum við slíkt uppbyggingarstarf? Með hvaða hætti vinna söfn með sameiginlegar minningar og erfiða reynslu þegar endurskapa þarf nýtt samfélag eftir hamfarir? Til að svara slíkum spurningum eru Eldheimar í Vestmannaeyjum gott dæmi til að hugsa um.

Frá því að gosinu lauk hafa Eyjamenn minnst þessara tíma með margvíslegum hætti. Árið 1974 var

efnt til sérstakrar hátíðardagskrár þann 3. júlí, sem hófst með því að fólk safnaðist saman við hraunjaðarinn þar sem forseti bæjarstjórnar flutti ávarp og skruðganga gekk þaðan að íþróttavellinum. Síðastliðin 25 ár hefur á þessum degi verið haldin svokölluð Gosloka hátíð með miklum hátíðarhöldum. Byggðasafnið í Vestmannaeyjum opnaði árið 1993 sérstakt gosminjasafn í tilefni af 20 árum frá lokum gossins. Og á árlegri Þjóðhátíð, sem haldin er í byrjun ágúst ár hvert, er gossins minnst. Minnismarki hafa einnig verið reist helguð gosinu.

Segja má að almenn umræða um afleiðingar gossins hafi verið mótuð af ákveðinni sýn um styrkleika samfélagsins við að takast á við hann eins og hvert annað verkefni, að þarna hafi Eyjamönnum tekist að snúa á náttúruöflin og haldið síðan aftur keik heim til endurbúsetu. Í heimildarmyndabátaröðinni Ég lifi: Vestmanneyjagosið 1973, sem framleidd var af Stöð 2 árið 2003 og sýnd er á sýningunni í Eldheimum, er komið inn á þetta almenna viðhorf, en segja má að í henni megi einnig greina annarskonar sjónarmið sem sýnir persónuleg og samfélagsleg átök sem áttu sér stað á meðan á gosinu stóð og eftirleika þess. Í annarri heimildarmynd sem framleidd var tíu árum síðar, Útlendingur heima: Uppgjör við eldgos (2013), kemur togstreitan vel fram í viðtölum við fólk sem upplifði gosið. Áhrifin af gosinu eru augljóslega mikil á fólk og samfélagið í Eyjum og í myndinni kemur fram að þau áhrif hafi ekki verið mikið rædd. Einn viðmælandi í myndinni lýsir því sem svo, að eftir fjórtíu ára sambúð hafi eiginmaður hennar nýlega sagt henni frá því að hann upplifði sorg „hjá þeim mönnum sem að stóðu og horfðu á hús sín brenna. Ævistarfið eða fyrirtækin sín.“ En eiginmaður hennar tók þátt í björgunaraðgerðum á meðan á gosinu stóð. Í viðtalinu bætti hún



Ljósmyndari: Daníel Guðmundsson. Þakir Óðinn Yngvason

við að eiginmaður hennar hafi sagt að þetta hafi verið „einhvern vegin bara svolítið svona eins og í stríði, soldið svona stríðsástand, maður var ónæmur fyrir upplifuninni. Við förum þetta bara á hörkunni, við erum ekkert að tala um þetta þó að þetta og hitt hafi verið erfitt.“ Fleiri viðmælendur í myndinni lýsa erfiðri reynslu. Einn greinir til að mynda frá því að geta ekki heimsótt Eyjar og skoðað æskustöðvarnar, þar sem þær fóru allar undir hraun. Og annar segist ekki getað hugsað sér að fara út á hraunið eftir að gosinu lauk þar sem allt er umbreytt „þetta græna og þetta fallega og klappirnar fyrir neðan. Það var bara mikið frá mér tekið. Og náttúrulega okkur öllum.“

Eldheimar: Grafið ofan af minningum

Í júní 2005 var hafist handa við að moka ofan af 7–10 húsum sem grófst undir gríðarlegu magni af vikri á meðan á gosvirkninni stóð. Verkefnið hlaut nafnið „Pompei Norðursins“ og dró nafn sitt af því að frá upphafi gossins var örlögum bæjarins líkt við afdrif borgarinnar Pompei á Ítalíu, en borgin var að mestu lögð í rúst í kjölfar eldgoss í fjallinu Vesuvius árið 79 eftir Krist og grófst undir vikri og hrauni. Byrjað var á að grafa við Suðurveg 25 og ætlunin var að grafa eftir fleiri húsum niður eftir sömu götu. Áætlunin var að húsin myndu smám saman koma í ljós og áttu þau að standa uppi eins og þau

voru útleikin af hamförunum, úti undir berum himni. Stefnt var að því að það myndi rísa „einskonar þorp minninganna, sem sýni á áhrifamikinn hátt hvernig náttúruöflin fóru með heimili fólks“, eins og það hefur verið orðað. Fljótlega eftir að uppgröfturinn hófst varð ljóst að Suðurvegur 25 var ekki heppilegur til varðveislu eins og vonir stóðu til. Komið var niður á annað hús, Gerðisbraut 10, sem stóð ekki langt frá Suðurvegi 25. Húsið við Gerðisbraut var heillegra, með málningu á veggjum þess, utan sem innan, og hluta þaksins enn standandi. Tekin var ákvörðun um að húsið yrði varðveitt og gert að lykilgrip nýs safns sem ákveðið var að byggja yfir rústina.



Ljósmyndari: Gunnar Ingi Gíslason

Eldheimar voru opnaðir formlega vorið 2014. Á neðri hæð safnsins eru rústir Gerðisbrautar 10 og fleira efni sem tengist gosinu og áhrifum þess. Á efri hæðinni er sýning um Surts-eyjargosið, sem var á árabílinu 1963–1967 og veitingasalur, þar sem gestir geta fengið sér hressingu og horft út yfir bæinn í gegnum flennistöra glugga. Markmiðin með safninu eru mörg eins og að minnast gossins árið 1973, gera grein fyrir jarðsögu og mótun Suðurlands, vera vettvangur fræðslu um náttúruvá á borð við eldgos og jarðskjálfta, og ekki síst að vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Fjármögnun safnsins tókst fyrir tilstilli ríkisstjórnar Íslands, Vestmanneyjarbæjar, Ferðamálaráðs og fyrirtækja. Árið 2007 hlaut verk efnið frumkvöðlaverðlaun Icelandair sem nýstárlegt verkefni við kynningu á Íslandi og möguleikum þess fyrir erlenda ferðamenn.

Hugmyndin um að grafa hús eða götu upp úr gosefninu féll í misjafnan farveg, þegar hún var sett fyrst fram. Einn Eyjamaður sagði mér til að mynda frá því að gosið væri „viðkvæmt umfjöllunarefni hjá mörgum og fæstir sem það upplifðu hafa gert

það upp. Því var einfaldlega bara ýtt til hliðar og lífið hélt áfram. Áfallahjálpar var eitthvað sem ekki þekktist á þessum tíma en var svo sannarlega þörf á henni og er enn í mörgum tilfellum. Það voru og eru því alveg til raddir sem voru á móti þessum uppgrefti.“ Við opnun Eldheima hélt fyrrum íbúi Gerðarbrautar 10, Gerður Sigurðardóttir, ræðu þar sem hún lýsti fyrstu viðbrögðum sínum við að sjá húsið koma undan vikrinum og hvaða vonir hún bar um gildi þess fyrir komandi kynslóðir: „Þrjátíu og átta árum síðar fæ ég að sjá fyrstu leyfar af húsinu og skrið inn um gluggann með lítið vasaljós. Þörfin að fara inn og sjá, var skynseminni og óttanum yfirráðandi. Þegar ég kem inn í húsið, niðarmyrkur, með vasaljósið, hellast yfir mig tilfinningar. Ýmiskonar munir voru enn á sínum stað. Þyrmdi yfir mig. Það var svolítið erfið[ur] tímapunktur. En ljóslifandi minningu frá þrjátíu og átta árum [...] þar. Hér stöndum við í dag og ég er stolt af þessum áfanga Vestmannaeyjabæjar og vona svo sannarlega að húsið okkar [...] Guðna megi skila magnaðri sögu og sýn til fólks sem mun lifa um ókomna tíð.“

Lokaorð

Í byrjun var vitnað til Gurian sem spurði: Hvað er á valdi safna til að græða hugmyndina um sameiginlegar minningar, endurskapa nýtt samfélag? Það er vel þekkt að söfnum er sett hlutverk í því að græða sár, búa til sameiginlegar minningar og miðla þeim. En, hvað þýðir það fyrir tengsl og vitund Eyjamanna í kjölfar þess samfélagslega umróts sem gosið hafði? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þá sem búa í Vestmannaeyjum, brottflutta og þá sem snéru til baka? Eins og áður sagði hefur samfélagið í Eyjum tekist á við minningar um gosið með ýmsum hætti. Mörgum finnst hins vegar að þöggun hafi ríkt um tilfinningalegt umrót sem gosið og afleiðingar þess hafa haft fyrir fólk í samfélaginu. Eldheimar eru ekki eingöngu liður í uppbyggingu Vestmannaeyja sem áfangastaður ferðamanna, heldur einnig hvatning til umræðna um persónulegrar reynslu íbúanna og áhrifin sem gosið hafði á samfélagið. Eldheimar draga fram margbreytilegar hliðar reynslunnar af gosinu og fyrir marga er heimsókn í Eldheima bókstaflega gröftur ofan af ljúfum minningum sem legið hafa grafnar í vikri í um fjör tíu ára skeið. Í sumum tilfellum vekur heimsókn í safnið hins vegar upp sárar minningar, sem kveikir þá spurningu með hvaða hætti Eldheimar geta komið til móts við slíkar upplifanir og stutt við þá reynslu með uppbyggilegum hætti. Fyrir aðra, sem flust hafa til Eyja eftir gosið og eiga sér litlar fjölskyldurætur þar, er þeim nýlunda að verða vitni að sögum af gosinu og eftirleik þess. Hvað þá að verða vitni að því hversu djúpstæð sú reynsla var og í mörgum tilfellum erfið. Með tilkomu Eldheima má segja að hafið sé nýtt tímabil fyrir samfélagið í Eyjum, en með safninu er lagður grunnur að nýjum sameiginlegum minningum fyrir íbúana og um leið, er það liður í endursköpun á samfélagslegum tengslum.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson,
prófessor

Þrifalegri en margur heldur

Bbyggðasafn Skagfirðinga hefur um árabíl staðið fyrir fjölbreyttri legri útgáfu á rituðu efni. Bókin sem hér er til umræðu er rit nr. 2 í rit-röðinni Rit Byggðasafns Skagfirðinga og var gefin út á síðasta ári (2017). Fyrra ritið var Miðaldakirkjur 1000–1300. Skagfirska kirkjurannsóknin.

Þrif og þvottar í torfbæjum er eftir Sigríði Sigurðardóttur, eða Sirrý í Glaumbæ eins og hún er alla jafna kölluð, sem er nú fyrrum safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga. Það er ljóst að hún hefur unnið gríðarlega umfangsmikla heimildavinnu, allt frá annálum og Íslendingasögum til munnlegra heimilda frá fólki sem bjó og ólst upp í torfbæjum. Og allt þar á milli. Sirrý tekur það enda fram í formála að að baki ritinu liggi áratuga langar rannsóknir og heimilaaflanir og ritið ber þess svo sannarlega merki. Það eru ekki hvað síst munnlegu heimildirnar sem gefa verkinu aukna dýpt, því slíkar milliliðalausar frásagnir af venjum, siðum og upplifunum veita okkur ætíð dýpri innsýn, umfram þær heimildir sem eru lengra að komnar.

Höfundur tekur fram að í umfjölluninni sé fyrst og fremst lítið til Skagafjarðar og nærsveita en fróðleikinn má hæglega heimfæra á líf í torfbæjum á landinu öllu.

Bókinni er skipt í 5 meginkafla. Í þeim fyrsta er gerð grein fyrir fyrri alda húsakosti á Íslandi. Í öðrum kafla eru efnum, áhöldum og ílátum gerð skil. Í þriðja kaflanum lýsir höfundur ýmsum búnaði innan bæjar og þrifum á honum. Í fjórða kaflanum er svo fjallað um þvotta. Í fimmta og síðasta kaflanum, sem að mati þeirrar er þetta ritar er bæði áhugaverðastur og skemmtilegastur, er fjallað um líkamsþrif. Reyndar eru þættirnir um ullar- og fataþvott


lítt síðri. Einiglega kom það í ljós við lesturinn að sú er þetta skrifar hafði mest gaman af öllu sem hafði eitthvað með keytu að gera. En það segir raunar meira um áhugasvið undirritaðrar en innihald bókarnnar.

Bókin er ríkulega myndskreytt, svo að segja hver einasta opna hennar er skreytt ljósmyndum eða teikningum, sem bæði auðgar innihaldið og gerir bókina meira fyrir augað.

Í bókinni er urmull af margþættum öðrum fróðleik en eingöngu þeim er snýr að þrifum og þvottum. Raunar fer oft meira fyrir þessum annars konar fróðleik, sem skýrist væntanlega af fæðheimilda um þrif og þvotta fyrir á öldum, en er engu að síður nauðsynlegur til að gefa lesendum tilfinningu fyrir umfjöllunarefninu.

Lesturinn krefst nokkurrar þekkingar á gömlum hugtökum og heitum. Þótt höfundur útskýri þau oft að nokkru marki, þá er það alls ekki algilt. Sirrý er einfaldlega svo fróð um umfjöllunarefnið, og málefnið og hugtökin eru henni því mjög töm. Þetta kann þó að flækja eilítið lesturinn fyrir þau sem ekki búa yfir áþekkri kunnáttu. Þá er allnokkuð um endurtekningar, einkum á lýsingum á húsakosti fyrri alda, og það er nokkuð áberandi þegar ritið er lesið í heild frá upphafi til enda. Það kemur raunar ekki að sök ef blaðað er hér og þar í ritinu, einstaka kaflar lesnir eða bókin nýtt sem einskonar uppflettirit, nema síður sé. Það er eiginlega skemmtilegri notkun á ritinu en að lesa það í einum rykk. Þær Sarpsniðurstöður sem vísað er til í bókinni eru jafnan langt í frá tæmandi og kann ég ekki skýringu á því.

Þrátt fyrir að ritið sé ekki gallalaust þá rýra gallarnir ekki inntak bókarnnar,



sjálft umfjöllunarefnið, sem hingað til hefur takmarkað verið ritað um.

Ritstillinn er lipur, skemmtilegur og augljóslega meðvitaður. Hann er femínískur. Konum er sýnd verðskulduð virðing og heiður fyrir þau verk sem alla jafna féll í þeirra hlut að framkvæma.

Ég hvet ykkur öll til að kynna ykkur þetta rit og innihald þess, þar sem það er afar kærkomið innlegg í fróðleiksbankann um líf þeirra er hér lifðu.

Eins og höfundur segir á bls. 7: „Sé söguleg þróun og atburðir skoðaðir út frá þrifnaðarháttum má meta sumt allveg upp á nýtt.“ Eftir lesturinn er þetta ein af mínum uppáhaldssetningum í bókinni. Því það er einmitt það sem bókin gerir, hún fær lesandann til að endurmeta ýmsa þætti í hversdagslífi formæðra okkar og -fedra.

Rótað í framtíðinni



Gestir greina ljósmyndir Alfreds D. Jónssonar á opnun sýningar í Þjóðminjasafni Íslands. Ljósmyndari Ívar Brynjólfsson.



Nemendur úr Grunnskólanum á Hólum á ullarnámskeiði í Sauðfjársetrinu á Ströndum. Ljósmynd Sauðfjársetrið.

Hugleiðing um samspil safna og samfélags, viðhorf eigenda og fjármögnun safnastarfs, breytta tíma, gæðaþróun og gagnkvæma virðingu Rauði þráðurinn í starfsemi safna á Íslandi er gæðaþróun. Hún er það sem skiptir mestu máli, lykilhugtak sem mótar allt safnastarf. Leiðarljós sem á að hafa í hávegum við öll verkefni. Fjöldi fólks vinnur að gæðaþróun á söfnum landsins, daginn út og inn. Og það er fínt, einmitt þannig á það að vera. Þetta er afar mikilvæg iðja.

Hitt er svo spurning, hvernig er best að koma öðrum en safnafólkinu sjálfu í skilning um mikilvægi þessarar vinnu? Sumir allra mikilvægustu þættirnir í hefðbundnu safnastarfi eru býsna ósýnilegir og fara að miklu leyti fram á bak við luktar dyr, skráningin til dæmis. Sama gildir um fleiri þætti, forvörslu og rannsóknir, svo ekki sé nú minnst á allan útbúnaðinn og vinnuna við að geyma og varðveita menningararfinn fyrir komandi kynslóðir. Það er eiginlega bara fræðslustarfið og miðlunin og allar þær fjölbreyttu aðferðir sem notaðar eru við hana sem snúa út á við, að öðru fólki. Meðal annars vegna þessarar sumpart ósýnilegu innri vinnu getur verið snúið að sannfæra bæði venjulegt fólk og valdastéttir sem ráða yfir fjármagni um gildi safnastarfsins. Fyrir utan hvað það er mikil hætta á að fjármálafólk festist í hugsunum um hvað öll þessi fagmennska og gæðaþróun sé tryllingslega tímafrek og kostnaðarsöm. Stundum er meira að segja dálítið bras að koma fólki sem er kosið fulltrúar fólksins í sveitarstjórnir eða á þing í skilning um það góða starf sem fram fer á söfnunum. Fólk sem eftir kosningar er allt í einu komið í

forsvar fyrir eigendur safnanna sem oft eru sveitarfélögin, kannski án þess að hafa áður haft umtalsverðan áhuga á eða innsýn í safnastarf.

Þetta er lykilspurning fyrir söfnin í landinu: Hvernig má fá embættismenn og fulltrúa í sveitarstjórnnum og á þingi eða jafnvel í ríkisstjórnnum og ráðuneytum til að leggja nægilegt fjármagn í málaflokkinn? Hafa verður í huga að það er fullt af öðrum mikilvægum hópum í samfélaginu sem vilja líka gjarnan fá aukið fjármagn í margvíslega málaflokka og kalla eftir skilningi og samstöðu hjá sömu fulltrúum.

Gagnkvæm virðing

Þegar stórt er spurt, er oft fátt um svör, segir gamall málsháttur. Eftir sem áður er mikilvægt að glíma við stórar og erfiðar spurningar, velta vöngum og tína fram röksemdir. Þótt málshátturinn feli í sér sannleika er ekki þar með sagt að það sé til fyrirmyndar að láta þar við sitja, þvert á móti.

Staðreyndin er sú að á íslenskum söfnum starfar stór hópur af reynslumiklu, skapandi og duglegu hugsjóna- og fagfólki. Stundum beinlínis kraftaverkafólki sem virðist bókstaflega geta gert alla skapaða hluti og haldið fjölmörgum boltum á lofti í einu, eins og ekkert sé. Fólk sem hefur oftast virkilega gaman af því sem það er að gera, alla vega á meðan lágmarksskilningur og stuðningur er fyrir hendi.

Það er bæði sjálfsgöð og eðlileg krafa að eigendur safna og þeir sem fjalla um safnamál sýni þeirri reynslu og þekkingu sem safnafólk býr yfir virðingu. Að fagmennska þess og sérfræðikunnátta sé viðurkennd og til safnafólksins sé leitað þegar mála-

flokkurinn er ræddur, að samræður og samráð eigi sér stað. Þetta á bæði við um málefni einstakra safna og málaflokkinn í heild. Virðing er lykilhugtak sem fólk sem fer tímabundið með eigendavaldið í söfnum þarf að til-einka sér. Þegar virðing er sýnd verður gagnleg samræða sem er líkleg til að skila ávinningi fyrir báða aðila.

Virðingin þarf svo að vera gagnkvæm, á báða bóga. Það er sjálfsagt að safnafólk sýni sveitarstjórnarfólki og hugmyndum þess áhuga, sendi þeim vandað upplýsingaefni og bjóði nýju fólki á þessum vettvangi á kynningarfund, í skoðunarferð og kaffi. Hlusti af athygli og áhuga á skoðanir þess og vangaveltur og grípi um leið tækifærið til að eiga gagnlegar samræður, upplýsa fólkið og fræða um starfsemina og hlutverk safnanna. Það eru fagleg vinnubrögð að sýna öðrum virðingu.

Kröfur til safna í nútímasamfélagi

Það er líka áhugavert að velta fyrir sér sjónarhorni eigenda safnanna og hugmyndum sem kvikna úti í samfélaginu, hvaða kröfur er eðlilegt að þessir aðilar geri til safna og safnafólks. Hverju ætti þessi starfsemi og stuðningur við hana að skila? Til hvers er eðlilegt að ætlast af söfnum sem fá stuðning úr opinberum sjóðum?

Fyrst kemur upp í hugann að eðlilegt sé að ætlast til að þau safni og varðveiti skipulega minjar og list, myndir og minningar. Að þau miðli þekkingu og standi fyrir rannsóknum. Auk þess er útbreidd skoðun að þau eigi að hafa ungu kynslóðina sérstaklega að markhópi, taka á móti skólahópum, vinna verkefni sem höfða til unga fólksins og sinna safnfræðslu.

Síðustu áratugi hefur líka verið áberandi krafa til safnanna að þau taki þátt í því að efla og bæta þjónustu við ferðafólk og leggist kröftuglega á sveif með ferðaþjónustunni svo hún vaxi og dafni sem atvinnugrein. Það er ætlast til þess af söfnum að þau aðstoði við að ná því markmiði að innlendir og erlendir gestir snúi ánægðir heim úr ferðalögum.

Að mínu mati er eðlilegt að bæta við allt þetta þeirri kröfu að söfnin séu virkir þátttakendur í því samfélagi sem þau starfa í. Þau sinni nærsamfélaginu og þeim hópum sem þau fjalla um. Að einhverju leyti á þetta betur við eftir því sem söfnin starfa í minni samfélögum, þar sem starfsemi þeirra skiptir meira máli fyrir ímynd svæðis, sjálfsmynd íbúa, atvinnusköpun og stemmningu. Það er líka alveg sjálfgefið að söfnin hugsi töluvert um þetta, því þátttaka í því sem er að gerast í samfélaginu skiptir söfnin sjálf líka miklu máli. Samfélagsleg virkni safna er mjög mótandi fyrir viðhorf til þeirra, orðræðu um þau og hefur yfirleitt mjög jákvæð áhrif á starfsemina.

Eftir því sem hlutverk safna og virk þátttaka í samfélaginu er öflugri, því jákvæðari er stemmningin gagnvart safninu í samfélaginu sem það starfar í. Og þetta skilar sér til baka með aukinni almennri þekkingu á safnastarfinu og starfi safnanna. Sveitarstjórnarmenn og alþingismenn eru nefnilega bara fólk sem tilheyrir sama samfélagi og annað fólk og hefur oft svipuð viðhorf.

Breyttir tímar – sóknarfæri og möguleikar

Byggðasöfnin hafa verið talsvert í umræðunni síðustu misseri og



Eldheit tangósveifla í tengslum við sýningu Magnúsar Kjartanssonar í Listasafni Árnesinga.
Ljósmynd Listasafn Árnesinga.

hlutverk þeirra í samtímanum er til skoðunar í mörgum sveitarfélögum. Þegar horft er yfir sviðið fær maður þá tilfinningu að eigendur safnanna séu aðeins að sauma að þeim og átti sig ekki nógu vel á þeim möguleikum sem felast í starfsemi þeirra. Kannski er þetta hluti af einhverri baráttu milli ríkis og sveitarfélaga þar sem báðir aðilar eru að reyna að komast hjá því að auka hlut sinn í fjármögnun safnanna. Þetta vekur spurningar sem þarf að glíma við: Er tími byggðasafnanna að einhverju leyti liðinn eða er málið að þau þurfi að taka einhver skref inn í framtíðina? Eða þurfa eigendur og stjórnvöld bara að taka sig taki og auka stuðninginn, enda sé ávinningur af því?

Það eru vissulega miklir möguleikar fólgnir í safnastarfinu fyrir eigendur safna. Þau eru mikilvæg fyrir mannlíf og menningu, ferðahjónustu og fjölbreytni og það er líka hægt að nýta sérþekkinguna sem þar býr við margvísleg hagnýt verkefni og atvinnusköpun. Rannsóknir og miðlun sem geta vel haft verulegt samfélagslegt gildi. Með því að nýta mannaud og fag-

þekkingu safnafólks er hægt að vinna að allskonar verkefnum í tengslum við söfnin. Þau geta sinnt fjarvinnslu, námskeiðahaldi, viðburðum, ferðahjónustu, margvíslegri kortlagningu menningarlandslags, menningararfs og sögu, undirbúið húsakannanir og fornleifaskráningu og margt fleira, stórt og smátt.

Það er vel þess virði að ræða öll þessi mál við safnafólkið, hvernig hægt sé að tengja söfnin betur við atvinnulíf og byggðaðróun og nýta þau til jákvæðra verka. Safnafólk er mjög oft vel menntað og hefur margvíslega sérþekkingu og reynslu, það er oft hugmyndaríkt og útsjónarsamt, það kann virkilega að gera mikið úr litlu. Það er ekkert að því að safnastarf sé um leið byggðaðróunarverkefni í smáum samfélögum, því sé beinlínis beitt til að undirstrika sérstöðu svæða, það sé verkfæri við atvinnusköpun, því sé ætlað að styrkja ferðahjónustu á svæðinu, auka afþreyingu og vera öflugt innlegg í menningu og mannlíf, standa fyrir uppákomum og viðburðum. Það er heldur ekkert að því að safnastarf snúist af og til um

að koma húsnaði sem hefur misst tilgang sinn og hlutverk í samfélaginu og skorti viðhald, aftur í notkun í þágu samfélagsins.

„Sýnileikarnir“

Til að fá samfélagið til að styðja málaflökk eins og rekstur safna, með ráðum og dád og í orði og á borði, þurfa safnmenn dálítið að keppa við aðra málaflökka sem vilja líka betri skilning, meiri jákvæðni og samstöðu með því sem vel er gert. Til að ná árangri þarf að upplýsa fólk sem hefur takmarkaðan skilning á starfi sem unnið er á söfnum, það þarf að vekja þennan áhuga hjá því. Það þarf að fá þetta fólk til að upplifa að starfsemin skipti máli, það þarf að ná upp almennri stemmningu fyrir því að styðja vel við söfnin. Til þess þurfa þau að vera virk og áberandi.

Það er dálítið leiðinlegt að stilla þessari vinnu við ímyndarsköpun safnanna upp sem einhverri athygliskeppni. Um leið er erfitt að sjá hvernig verður hjá því komist, ég held að það sé ekki hægt að segja pass við þátttöku í þeim leik. Þessa keppni

um skilning og fjármagn, athygli og áhuga fólks á gæðaprófuninni, mætti kannski kalla „Sýnileikana“. Það er mitt mat að safnafólkið beinlínis verði að taka þátt í Sýnileikunum, annars muni aldrei takast að fá fólk til að skilja mikilvægi þeirrar vinnu sem unnin er á söfnum.

Til að ganga vel í Sýnileikunum þurfum við að fara þær leiðir sem virka. Við verðum að nota fjölbreyttar aðferðir, hitta fólk, tala við fólk, nota samfélagsmiðla, vera virk á Facebook, brúka Instagram og söfnin verða að vera töff og sexý á snappinu. Við verðum að fá fleiri til að fylgjast með þessari miðlun en safnafólkið sjálft, útrásin er málið. Við þurfum að ganga í augun á samfélaginu öllu. Við verðum að kynna allt það góða og gagnlega sem við erum að gera, líka allt skemmtilega fólkið og snillingana sem er að vinna fyrir söfnin. Eitt sem virkar er að nota lifandi myndir, sniðugar og skemmtilegar áróðurs- og kynningamyndir. Stutt og spennandi myndbönd. Þau virka.

Með skipulögðu átaki í kynningu á mikilvægi safnastarfsins, með því að gera áætlun, með því að finna leiðir til að auka sýnileikann og með því að vinna markvisst eftir planinu, þá myndum við róta í framtíðinni. Eins og reyndar með allri annarri áætlanagerð og stefnumótun sem notuð er markvisst.

Rótað í framtíðinni

Framtíðin nálgast óðfluga. Ef við ætlum að róta í henni, breyta því hvernig hún verður, ná einhverjum tilteknum markmiðum, þá þarf að taka ákvarðanir, gera áætlun og vinna markvisst eftir henni að settu marki.

Það er margt sem safnmenn þurfa að spekulera í næstu árin. Eitt af því er miðlun á sýningum. Þar hlýtur að verða mikil þróun á næstu árum í áttina að magnaðri upplifun – að Vá-faktorinn fái aukið vægi. Einnig þarf

að hugsa um hvernig hægt er að eiga meiri samskipti við gesti, veita þeim betri athygli og fá þá til að leggja eitt-hvað af mörkum og taka þátt í starfsemi safnanna með margvíslegum gagnvirkum hætti. Ég sé heimsókn á safn í framtíðinni dálítið fyrir mér eins og einstaklingsbundið nám eða skemmtun. Hugsanlegt er að nota takmarkaða gervigreind að einhverju leyti í þessu skyni, að menn nýti tölvutæknina til að útbúa myndræna upplifun út frá upplýsingum sem fólk gefur um sjálft sig. Upplifun sem er sérsniðin að gesti frá ákveðnu landi eða á ákveðnum aldri, með einhverja ákveðna menntun eða búsettum á einhverjum tilteknum stað. Þrívíð miðlun er vissulega framtíðin, líka í sýningahaldi og rekstri safna. Það þarf að vekja og viðhalda forvitni unga fólksins og til þess þarf að beita nýjustu tækni og miðlunarleiðir sem það þekkir og notar.

Það eru held ég gríðarleg sóknarfæri í þróun á þjónustu á söfnum og sýningum. Fólk borgar sig inn á sýningar og þá er eðlilegt að það vilji eitthvað spennandi fyrir snúð sinn. Það er dálítið áhugavert að hugsa um þetta í samhengi við umræðu um gjaldtöku við náttúruperlur. Þarna gildir að nota hugmyndaflugið. Upplifun skiptir öllu.

Söfnun mynda og minninga í gegnum vefform eða vefgátt held ég að sé líka eitthvað sem þurfi að huga meira að í safnastarfi, einnig námskeiðahaldi og þátttöku gesta í rannsóknum. Menntatengda og rannsóknatengda ferðapjónustu þarf að byggja á ofan á grunn þeirrar menningartengdu. Vel er hægt að sjá fyrir sér aukið framboð á margvíslegum náttúrutengdum námskeiðum, einnig um vinnubrögð og handverk.

Stóraukið samstarf við ólíka aðila er líka mikilvægt, listafólk til dæmis. Það hleður utan á sig jákvæðum straumum, athygli og fleira skemmtilegu fólki. Samstarf við ferðapjóna og

rannsóknarumhverfi og fræðafólk á hverjum stað er líka nauðsynlegt. Sú samvinna þarf líka að vera við ólíka hópa, bæði vísindafólk og grúskara, unga og aldna. Ég held að aukið samstarf safna við annað fólk sé framtíðarmúsík sem skipti söfnin mjög miklu máli (og hafi líka jákvæð og varanlegt áhrif á ímynd stéttarinnar og sjálfsmynd safnafólks).

Miðlum upplýsingum – verum sýnileg!

Það liggur kvörn á hafsbotni sem malar salt, ár og síð og alla tíð. Svo segir þjóðsagan, þess vegna er sjórinn saltur. Mér finnst oft að safnafólk á Íslandi vanti einmitt svona kvörn í verkfærasafnið sitt, kvörn sem endalaust miðlar út í samfélagið upplýsingum um allt það skemmtilega sem er verið að brasa á söfnunum! Vettvang sem kemur fréttum og myndum og margvíslegu efni markvisst og stöðugt á framfæri, út fyrir hóp safnafólksins sjálfs, fleygir því upp í loftið og út um víðáttur veraldarvefarins. Ég er viss um að margt af því yrði gripið af öðrum fjölmiðlum sem hafa alls ekki tíma til að matreiða úrvals efni, en tekur því fegins hendi að einhver leggi slíkt upp í hendurnar á þeim.

Á slíkum vettvangi þarf að miðla þeirri gæðapróun sem unnið er að á söfnum landsins. Sem best væri hægt að fjalla um ólíka þætti sem auka þarf skilning á, í bland við hluti sem vekja meiri áhuga og athygli; fjalla um nýjungar og tækni, viðburði og miðlun, sýningar, verkefni, samstarf, geymslur, forvörslu og rannsóknir. Okkur vantar vinsælan og vel kynntan vettvang safnafólksins á vefnum sem miðlar af krafti margvíslegum upplýsingum um lífsgleði, dugnað og þrautseigju fólksins sem vinnur á söfnum landsins.

Jón Jónsson, þjóðfræðingur



DUUS MUSEUM

Duusgata 2-8 // Tel: +354 420 3246
info@visitreykjanes.is // www.duusmuseum.is




Open daily 12:00-17:00 // Icelandic Art and History // Geopark Visit Center
Tourist Information summer opening 9:00-17:00 monday-friday





MENNINGARMIÐSTÖÐ PÍNGEYINGA



Grenjaðarstaður | Safnahúsið á Húsavík
Sauðaneshús | Snartarstaðir

safnahus@husmus.is - www.husmus.is - sími: 464 1860



BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

TURNHÚS - ÍSAFJÖRDUR

WESTFJORDS HERITAGE MUSEUM
DAS HEIMATMUSEUM DER WESTFJORDE
MUSÉE RÉGIONAL DES FJORDS DE L'OUEST



Opíð alla daga: 15. maí - 15. september
Aðgangseyrir: Fullorðnir kr. 1000,-
/ kl. 9 - 18 Lífeyrisþegar kr. 800,-
Frítt fyrir grunnskólabörn.

Open: May 15th - Sept. 15th. Daily from 9 - 18	Geöffnet: Tgl. 9 bis 18 Uhr, 15. Mai bis 15. Sept.	Heures d'ouverture: 15. Mai - 15. Sept. 9 - 18
Admission fee: Adults - ISK. 1000 Seniors - ISK. 800	Eintritt: Erwachsene 1000 ISK, Senioren 800 ISK,	Frais d'entrée: Adultes: 1000 ISK, Retraités: 800 ISK,

nedsti.is
byggðasafn@isafjorur.is
https://is.is.facebook.com/nedsti
GPS: 64° 4,06'N, 21° 7,44'W






Söfn skipta máli

Safnahús Borgarfjarðar

Borgarnesi



Safnahús Borgarfjarðar
Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi
safnahus@safnahus.is
www.safnahus.is

Fiskur & fólk



Útflutningsverðmæti fiskafurða til nokkrurra landa sýnd með því að raða upp frauðplastkössum sem notaðir eru sem umbúðir um ferskan fisk. Hér virka þeir eins og graf og er hæð súlnanna í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti. Ljósmynd. Sjóminjasafnið í Reykjavík.

Í sýningarsölum Sjóminjasafnsins í Reykjavík við Grandagarð í Reykjavík hefur verið opnuð ný grunnsýning. Hér verður fjallað um einkenni sýningarinnar, helstu kosti, nýjungar og hvað hefði ef til vill betur mátt fara. En fyrst um umgerðina: það var mikil framsýni á sínum tíma þegar hin gömlu húsakynni Bæjarútgerðar Reykjavíkur (BÚR, áður Fiskiðjuver ríkisins) voru tekin fyrir sjóminjasafn, byggingin er frá því skömmu fyrir miðja síðustu öld. Það fer því vel á því að þarna snúist allt um fisk og útgerð, enda var Bæjarútgerðin eitt öflugasta útgerðar- og fiskiðjufyrirtæki landsins á sinni tíð. Þeirri sögu mætti raunar vel halda til haga í sýningu rými hússins.

Langt er síðan hugmyndir um sjóminjasafn komu fyrst fram á fyrri hluta síðustu aldar. Sá draumur varð þó ekki að veruleika fyrr en árið 1981 að samningur er gerður um stofnun Sjóminjasafns Íslands í Hafnarfirði sem hluta af Þjóðminjasafni Íslands; það virðist þó ekki hafa tekið til starfa fyrr en 1986. Ekki varð þó framhald á og var safninu lokað árið 2004 en ástæður þess verða ekki ræddar hér. Sjóminjum hafa þó víða verið gerð skil annars staðar á landinu, t.d. á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Húsavík og víðar. Í Reykjavík hóf Sjóminjasafnið starfsemi árið 2005 með opnun fyrstu sýningar sinnar, Togaraöldin í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá því að togaraútgerð hófst hérlandis.

Nú hefur sem sagt verið opnuð nýgrunnsýning í safninu. Markmiðið með sýningunni er að gefa gestum yfirlit um útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík frá ofanverðri 19. öld og fram yfir upphaf þessarar aldar. Ætlunin er að fylgja eftir ferli frá útgerð til vinnslu og neyslu. Kynnum okkur nú nánar sýninguna.

Úr móttöku safnsins er gengið inn á fyrsta hluta sýningasvæðisins á jarðhæðinni, í rými þar sem áður var vélasalur BÚR en hann mun vera ætlaður fyrir sýningar í framtíðinni. Þessi sýning fjallar um fornleifarannsókn á hollenska skipinu Mjaltastúkan, Melckmeyt sem sökk í Flateyjarhöfn árið 1659 en sýningarstjóri Mjaltastúlkunnar er Íris Gyða Guðbjargar dóttir og hönnuður er Finnur Arnar Arnarsson. Kynning af þessu tagi er ekki algeng hérlandis, á neðansjávar-

fornleifarannsókn, enda ekki mörg dæmi um slíkar rannsóknir. Sýningin veitir athyglisverða innsýn í utanlandsverslun þjóðarinnar á þessum tíma, m.a. innflutning á postulíni sem hefur verið á borðum fjölskyldna betri bænda og höfðingja á 17. öld. Framsetning er skýr, á videó er fjallar um rannsóknina og gestir fá innsýn í hvernig fornleifafræðingar standa að rannsóknum á þessu sviði, m.a. með aldursgreiningu og svokallaðri myndmælingu. Ef eitthvað má finna að þá má benda á að hér skortir á að merkningar séu fullnægjandi þegar gengið er inn á sýninguna. Fátt bendir til þess að hér sé um að ræða sérsýningu þegar farið er þar inn, eiginlega ekki alveg ljóst hvað um er að vera, enda upplýsingaspjald á vegg lítið og vart greinanlegt í lítilli birtu. Hér hefði því mátt afmarka betur.

Þá liggur leiðin að meginsýningunni á annarri hæð. Áður en þangað kemur er áhugavaki: margs konar myndbrot lifandi mynda á vegg sem vekja sannarlega áhuga áður en gengið er þar upp: sjómenn og landverkafólk að störfum, fiskurinn í hafinu, landhelgisstríð, bæði eldri og nýlegar kvikmyndir. Vel til fundið. Ljóð Hannesar Hafstein um þorsinn, „Þorsklof“, á veggnum á leið upp stigann, bæði á íslensku og ensku, er sömuleiðis vel viðeigandi. Uppi á stigapallinum eru veggirnir síðan þakir myndum af fiskum eftir Jón Baldur Hlíðberg. Þar velti ég fyrir mér: eru allar þessar fisktegundir virkilega á Íslandsmiðum; ótrúlegt ríkidæmi? Hér hefði ef til vill mátt nefna skýrar hver er höfundur myndanna.



Ungur sýningargestur hlustar af athygli. Í baksýn er köfunarbúnaður. Ljós. Javier Ballester.



Á lyftaranum, kassar „fluttir“ í staður. Á myndinni eru ónefndir sýningargestir. Ljós. Sjóminjasfnið í Reykjavík.

Framundan er meginýningin með meginþemu og hliðarþemu. Þar kynnumst við sjávarútvegi eins og hann var fyrir rúmri öld og fíkrum okkur svo áfram inn eftir salnum og sjáum hvernig aðstæður breytast, skútur koma til sögu. Þær gefa færi á að sækja lengra og úthaldið varð lengra en á opnum bátum; skúturnar eru dæmi um „úrelta“ tækni frá Bretlandi sem hentaði vel hérlandis og varð aðdragandi þeirrar „iðnbyltingar“ sem varð í landinu fyrir og eftir aldamótin 1900.

Fljótlega eftir aldamótin var farið að setja vélar í báta. Vélarnar breyta lífinu, borgin tekur við af sveitinni. Togarar koma skömmu síðar og síðan þá hefur tækninni fleygt fram. Skip og bátar verða æ fullkomnari. Módelin í miðju rýminu gefa þessar breytingar að einhverju leyti til kynna. Stærðir þeirra eru reyndar misvísandi, þ.e. þau eru ekki í sömu stærðarhlutföllum. Hér hefði ef til vill mátt sýna grafískt hversu mikill stærðarmunur er á togurum samtímans og frumherjum á þessu sviði.

Einnig er fjallað um fiskverkunina, allt frá þurrum fiski sem var helsta útflutningsvara Íslendinga um aldir og um saltfisköld. Hraðfrystiðnaðurinn kemur að sjálfsögðu við sögu, enda megingrein fiskvinnslu allan síðari hluta síðustu aldar og enn afar mikilvægur. Útflutningur á ferskvöru sem berst neytendum í fjarlægum heimshlutum, ef til vill sólarhring síðar, birtist einnig á sýningunni. Sýningin dregur með ágætum vel fram hversu mikið vægi sjávarútvegur hefur haft fyrir Reykjavík og íslenskt samfélag.

Til hliðar við meginþemun eru allmörg hliðarþemu. Þar er m.a. fjallað um hafrannsóknir, veiðarfæri, um björgun úr sjávarháska og sjóslys, um köfun, um siglingatækni, fjarskipti, lífið um borð, og hvernig sæfarendur hafa beitt ólíkum aðferðum til þess að átta sig á staðsetningu, allt frá því að nýta sér sól, stjörnur og fugla til gervihnattasendinga; líka er getið um skipaviðgerðir og verkfæri, köfun o.s.frv. Höfnin í Reykjavík gerði bæinn að borg. Aðstæður gjörbreyttust með hafnargerðinni sem hófst árið 1913. Frá þessu er greint á skilmerkilegan

hátt. Landhelgisgæslan fær líka sinn sess og víraklippurnar umtöluðu úr þorskastríðunum láta ekki mikið yfir sér en reyndust afar áhrifamiklar. – Samhliða er boðið upp á leiðsögn um gamla varðskipið, Óðinn, sem liggur við bryggju hjá safninu en einhvern veginn fer sá kostur fram hjá fólki og við sem heimsóttum safnið þennan dag gerðum okkur ekki grein fyrir þessum möguleika.

Við kynnumst líka lífi þeirra sem hafa viðurværi sitt af því að veiða og vinna úr afla; klæðnaði fólks og hvernig hann hefur breyst: hlífir betur og verndar. Vökulögin fá sinn sess þegar settar voru takmarkanir við endalausri vinnu um borð í togurunum. Dægrastyttingu um borð er líka gerð skil en minna fjallað um líf og aðbúnað hjá fiskverkafólki í landi.

Almennt um sýninguna.

Ég fór nokkrum sinnum á sýninguna til þess að kynna henni sem best. Í eitt skiptið kom fjölskyldan með, börn, tengdabörn og barnabörn. Mér fannst mikilvægt að kanna hvernig sýningin kæmi ólíkum kynslóðum



„Íslandskortið“ hægra megin, og börn að „veiðum“. Hvítar flísar sem bakgrunnur kvikmynda. Ljós. Javier Ballester.

fyrir sjónir. Skemmst er frá því að segja að okkur dvaldist og engum leiddist. Fyrir yngstu kynslóðina er mikilvægt að geta tekið þátt. Þeim þætti er afar vel sinnt. Krakkarnir gátu farið á rafrænar veiðar, hlustað, og prófað. Lyftarinn innst í rýminu reyndist algjört „hitt“, að koma kössum fyrir í stæðum á rafrænan hátt og flytja þá til án þess að reka sig á. Hér er því margvíslegur viðkvæmur búnaður sem mikilvægt er að fylgjast með að virki. Ef tæknin virkar ekki á svona sýningu verða vonbrigðin þess meiri. Ég varð ekki var við annað en að allt væri í lagi og einu sinni þegar ég kom var „lyftarinn“ eimitt í viðgerð. – Aðrir klæddu sig í sjógalla: stórfín hugmynd sem gefur innsýn í daglegt líf til sjós. Önnur frábær hugmynd er „Íslandskortið“ við innganginn í sýningarrýmið, úr mjúku efni, þar sem boðið er upp á að fólk hafi það huggulegt með börnunum og jafnvel leggi sig og virði sýninguna í kringum sig fyrir sér. Stórfín lausn.

Það ber einnig vott um afar vönduð vinnubrögð að taka saman nöfn þeirra sem hafa drukknad í hafi á 20. öld, í rými þar sem fjallað er um hættur hafsins. Ótrúlega langur listi sem unnt er að sjá á skjá í viðkomandi rými þar sem fjallað er um sjóslys og björgun; fólk sem komið er á og yfir miðjan aldur man enn forsíður dag-

blaðanna eftir hörmuleg sjóslys, t.d. á sjöunda áratug síðustu aldar.

Sýningin í Sjóminjasafninu höfðar til allra skynfæra, líka lyktarskynsins. Þurrkaður saltfiskurinn leikur mikilvægt hlutverk í því sambandi og ilmurinn – eða lyktin – sem af honum stafar. Skemmtileg í þessu samhengi er líka tengingin við neðri hæðina þar sem er fiskréttaveitingastaður. Þar leggur matarilminn upp á efri hæðina. Sérlega viðeigandi, og frábær veitingastaður þar sem boðið er upp á hlaðborð og frítt fyrir krakkana! Þar sem gengið er út af sýningunni og niður eru uppskriftir sem unnt er að reyna sig á eftir að heim er komið.

Sýning er fyrir sjónina. Það vita hönnuðir sýningarinnar. Myndir og munir eru uppistaðan. Rík áhersla er lögð á að nýta liti, efni og form sem tengjast sjávarútvegi í sýningunni: fiskiker og hvítar flísar eru bakgrunnur fyrir lifandi myndir. Sýningarmunum er síðan komið fyrir á „vinnsluborðum“, fiskikerjum og á brettum. Blágrænn litur á gólfum, sterk sjávar-, veður-, fugla- og dýrahljóð, gegna einnig mikilvægu hlutverki. Allt tengir þetta okkur við fiskvinnslu, hafnir og útgerð og leiðir til þess að upplifun verður mun sterkari en ella og ekki má gleyma sjómannaögunum. Sjón, hljóð, lykt

og snerting, vinnur allt að einu marki. Sjónrænt er sýningin afar vel unnin og aðstandendur sýningarinnar leyfa sér leik með form, t.d. í tengslum við veiðarfæri og frágang þeirra og verkfæri, tengd útgerð og skipasmíðum. Um leið er á handhægan hátt mögulegt að sjá hvernig efni og form hafa breyst. Ítarumfjöllun í textum og máli er kærkomin viðbót.

Mikil vinna hefur verið lögð í val á ljósmyndum sem eru margar hverjar afar áhrifamiklar og gefa góða innsýn í líf og störf fólks sem starfar við fisk á sjó og landi. Hér má enn nefna að einstaklingurinn fær líka að koma fram og að ekki birtist eingöngu félagsfræðileg og efnahagsleg heildarsýn. Birt eru viðtöl við „venjulegt fólk“ sem lætur í ljósi sjónarmið sín og fjallar um einstök viðgangsefni: „dóttir mín var orðin þriggja mánaða þegar ég sá hana fyrst“ sagði einn viðmælandi, gamall sjómaður. Skemmtileg aðferð til þess að kynna ljósmyndir er á sívalningi þar sem hangir saltfiskur. Þar hefur einnig verið komið fyrir búnaði til þess að horfa á gamlar ljósmyndir, eins konar óvæntum gægjugötum inn í fortíðina. Áhorfandi sér þennan búnað vart í fyrstu sem lætur lítið yfir sér en veitir aðgang að heilandi heimi.

Má eitthvað betur fara?

Sýningin er saga um framfarir, frá og til, frá einföldum háttum til tæknisamfélags, frá örbirgð til allsnægta og þannig mætti áfram telja, um það hvernig lifandi auðlindir sjávarins eru nýttar hvernig sú nýting tengist mannlífi í landinu. Eru engar skuggahliðar dregnar fram? Ekki margar. Gagnrýni bregður lítið fyrir á sýningunni. Vissulega hafa sjávarútvegur og fiskvinnsla tekið ótrúlegum framförum en skuggahliðararnar eru líka til, gleymum þeim ekki. Stundum er tæpt á þessum atriðum en þau eru ekki mjög sýnileg.

Spyrja má: Af hverju ekki er rætt um, í tengslum við veiðarfæri og

útgerð, alla mengunina sem hlýst af plastúrgangi? Þar á útgerð stór- an hlut að máli. Og hvernig hefur umgengnin verið um auðlindina; hvernig hefur aðgengið verið? Mikil bylting hefur orðið í sjávarútvegi þar sem bætt umgengni, rannsóknir, vöruvöndun og viðskipti hafa fengið stóraukið vægi. En margir sem nú eru á miðjum aldri muna þó hvernig aðstæður á þessu sviði voru víða um land þegar gullöld frystihúsanna stóð sem hæst og aflanum mokað úr sjónum, áherslan öll á magn en síður á gæði. Hvernig hefur aðbúnaður fólks verið? Hvað með útlent verka- fólk sem nú heldur uppi fiskvinnslu í landinu? Af hverju er þess lítt eða ekki getið? Eða tengsl við stjórnmál? Í marga áratugi stjórnaðist efnahags- líf á Íslandi af viðgangi sjávarútvegs- ins og gengi gjaldmiðilsinn réðst af gengi hans. Og hver á fiskinn í sjón- um; um fátt hefur meira verið deilt hérlandis; reyndar er drepíð á það efni þó ekki fái það mikið rými.

Auðvitað má segja sem svo að ekki sé unnt að fjalla um allt á svona sýningu, það þarf að velja og hafna. En hér hefði að minnsta kosti mátt taka tillit til tveggja málefna nátengdra, sem efst eru á baugi í samfélagsumræðunni, loftslags og

umhverfis og gefa þeim veglegan sess á sýningunni. Það er eiginlega lítt skiljanlegt að það sé ekki gert. Safnafólk hlýtur að taka þátt í sam- félagsumræðu um þessi efni og nýta sýningar sem það skipuleggur sem umræðuvettvang í því samhengi.

Að lokum

Í tengslum við sýninguna hafa verið gefnar út tvær sýningarskrár, Fiskur úr sjó og Haldið til hafs. Textahöfund- ur beggja binda er Kirstín Svava Tómas- dóttir sem byggir efni sitt á handriti Önnu Drafnar Ágústsdóttur. Í þeim er fjallað um helstu þemu sýningarinnar, einkum í tengslum við ljósmyndir á sýningunni. Aðgengilegur textinn er bæði á íslensku og ensku, myndaval vandað og framsetning á þann veg að vel má ímynda sér að bækurnar nýtist ekki síst nemendum sem koma á sýn- inguna, og líka erlendum gestum.

Ég hefði kosið að við inngang sýn- ingarinnar hefðu verið skýrari upp- lýsingar um aðstandendur hennar, hönnuði, rannsóknarteymi og aðra þátttakendur. Fyrir aðra sérfræðinga á þessu sviði eru þær upplýsingar mikil- vægar og líka fyrir þessa einstaklinga sjálfa sem hafa lagt mikið á sig til þess að sýningin gæti orðið að veruleika. Að vísu er þessar upplýsingar að finna

þegar gengið er út af sýningunni, eig- inlega baka til. Ég hefði kosið af hafa þær á viðeigandi stað, enda ætti ekki að vera þörf á að leita þær uppi.

Nýja sýningin í Sjóminjasafninu er einstaklega vel heppnuð. Hún sam- einar allt það besta sem góð sýning hefur upp á að bjóða. Hún tengir okk- ur okkur við sjávarútveginn, gefur ungum sem öldnum tækifæri til þess að taka þátt, gefur tækifæri til þess að njóta, jafnvel hvíla sig! Sýningin setur ný viðmið, er allt í senn, vekjandi og gefur gott yfirlit, tengir okkur við liðna sögu og gerir formum og mynd- um hátt undir höfði. Þau okkar sem þyrstir í frekari upplýsingar geta leitað þeirra og notið. Hið fornkvæðna, utile et dulce, hið gagnlega og ánægjulega er haft hér í hávegum. Leikurinn er mikilsverður og það skilja aðstand- endur sýningarinnar en fræðslan verður heldur ekki útundan. Það er góð ákvörðun að fá erlent safnafólk til aðstoðar, krossmann.dejong; hollenskt safnafólk og fræðimenn er þekkt fyrir vönduð vinnubrögð. Sýnin utan frá er sannarlega mikilvæg og það sést vel í þessu samhengi.



Hið sjónræna fær sannarlega að njóta sín á sýningunni Ljós- m. Sjóminjasafnið í Reykjavík.



Þurr saltfiskur á sívalningi í miðju rými. Fiskilmurinn berst um sýningarsvæðið. „Sjónaukar“ á milli fiska þar sem brugðið er upp gömlum ljósmyndum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu. Ljós- m. Sjóminjasafnið í Reykjavík.

Fullveldi og lífsins blóm í hundrað ár

Árið 2018 eru liðin hundrað ár frá því Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Þessum áfanga er fagnað með ýmsu móti víða um land og munu hátíðahöldin væntanlega ná hámarki kringum fullveldisdaginn sjálfan, 1. desember.

Ríkisstyrktar afmælishátíðir af þessu tagi eru óneitanlega misspennandi. Ríkið hampar sjálfu sér, peningar eru settir til hliðar og skyndilega fer varla fram sá menningarviðburður í landinu að hann sé ekki tengdur viðkomandi afmæli á einhvern hátt – að minnsta kosti á pappír. Þegar þetta er skrifað ber það hæst í fjölmiðlum að hinn mislukkaði hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum í júlí hafi farið 41 milljón fram úr kostnaðaráætlun, meðal annars vegna þess hve dýrt er að lýsa hinn bjarta íslenska sumardag upp fyrir sjónvarp. Það er sannarlega ekki sjálfgefið að hátíðir á borð við þessa leiði til frjórra skoðanaskipta og sköpunar. Ég hef hins vegar fengið það þakkláta verkefni að skrifa um þrjá mun betur heppnaða þætti afmælisársins: Þátttöku- og útvarpsverkefnið **R1918** og sýningarnar **REYKJAVÍK 1918** og **Lífsblómið**.

Þótt **R1918** og **REYKJAVÍK 1918** séu ólík fyrirbæri að forminu til eiga þau,



líkt og nöfnin gefa til kynna, ákveðnar áherslur sameiginlegar; þau bregða upp mynd af lífinu í höfuðstað landsins á fullveldisárinu, án þess að fullveldið sem slíkt sé í brennidepli. **R1918** er samvinnuverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Ríkisútvarpsins og Listahátíðar í Reykjavík en **REYKJAVÍK 1918** er ljósmyndasýning skipulögð af Borgarsögusafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands sem opnaði í Aðalstræti 10 í maí og stóð til septemberloka.

Svo vill til að 1918 var sérstaklega dramatískt ár í Íslandssögunni, „eitt

þeirra dularfullu ártala í fortíðinni sem eru svo rík af viðburðum að þætti nóg í heilan áratug – ef ekki tvo“, eins og skáldið Sjón skrifar í upphafstexta sýningarinnar **REYKJAVÍK 1918**, en hann á heiðurinn af öllum textum á sýningunni. Ársins er ekki aðeins minnst fyrir fullveldi heldur fádæma frosthörkur, Kötlugos, spænska veiki og endalok heillar heimsstyrjaldar. **REYKJAVÍK 1918** er einföld í sniðum. Ljósmyndunum er raðað á veggina í þematískar þyrpingar. Fyrstur verður fyrir gestinum heill veggur af portrettljósmyndum sem flestar eru teknar á fyrstu níu mánuðum ársins 1918, áður en

spænska veikin dundi yfir og ljósmyndastofur bæjarins tæmdust. Annars staðar eru myndir frá frostavetrinum mikla og hátíðahöldunum á fullveldisdaginn, bæjarlífinu í Reykjavík og spænsku veikinni, þar á meðal átakanlegar myndir af börnum sem lögð hafa verið til hinstu hvílu. Ljósmyndirnar eru virkilega fallegar og þær eru ekki of margar, svo þær njóta sín vel. Textar Sjóns, sem binda myndirnar saman, eru léttir og lifandi. Áhersla er lögð á að sýna daglega tilveru í Reykjavík fyrir hundrað árum, þar sem fólk var ekki „of önnum kafið að takast á við hina sögulegu viðburði til þess að elska, vinna, dreyma og þjást“, svo vitnað sé í texta Sjóns.

Eitt af því sem vakti athygli mína í Aðalstræti var ljósmynd Magnúsar Ólafssonar af skryddum sal Landsbókasafns Íslands í ágúst 1918. Landsbókasafnið á nefnilega líka stórafmæli í ár og er tvisvar sinnum eldra en fullveldið – það fagnaði hundrað ára afmæli sínu þegar fullveldið var stofnað 1918 og er því 200 ára í ár. Það er ánægjulegt að þetta merka afmælisbarn skuli hafa komið að hinu frábæra verkefni **R1918** ásamt Ríkisútvarpinu og Listahátíð í Reykjavík. Þar lagði Landsbókasafnið fram stutt brot úr ólíkum ritheimildum, sem eiga það sameiginlegt að vera ættaðar frá Reykjavík ársins 1918. Textabrotin voru flutt á Rás 1 á hverjum degi frá því um áramót og fram í júní, lesin af Reykvíkingum ársins 2018, en jafnframt flutt á Listahátíð í Reykjavík í maí.

R1918 varð mikill uppáhaldsþáttur í lífi mínu strax í janúar, enda féllu þessar raddir fortíðar sérstaklega vel að angurværð vetrarskammdegisins. Textabrotin bregða upp fjölbreyttri og lifandi mynd af daglegu lífi fólks í Reykjavík á fullveldisárinu. Við fáum

innsýn í einkalíf og opinbert líf, hversdaginn og pólitíkina, áhyggjur, gleði og sorgir fólks úr öllum áttum og á öllum aldri. Stundum bregður „stóru atburðunum“ fyrir – frostavetrinum, heimsstyrjöldinni, far sóttinni ægilegu – en hugðarefni fólks og hversdagslíf byggðust líka á ýmsu öðru. Ljósmyndir skrifar skýrslu um vel heppnaða tvíburafæðingu, börnin í barnastúkunni Unni lesa jólasögur og vara hvert annað við slæmum félagsskap, maður biður kaupfélagsstjóra úti á landi um að senda sér ekki meiri kæfu, vinir skiptast á bréfum með gamanmálum og slúðri. Raddirnar sem miðla textunum til hlustenda árið 2018 eru líka margvíslegar, og misvanar slíku um upplestri. Um þær liggur þráður milli fortíðarinnar og okkar daga. Hugmyndin er einföld og vel unnin og hún virkar. Nýlega var tilkynnt að **R1918** hefði verið tilnefnt til hinna virtu evrópsku útvarpsverðlauna Prix Europa og er verkefnið vel að þeim heiðri komið.

Röddunum úr **R1918** bregður einnig fyrir á sýningu sem opnaði á Listasafni Íslands í júlí og stendur til 16. desember: **Lífsblómið. Fullveldi Íslands í 100 ár.** Sýningin er sett upp í samvinnu Listasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og efnistöku eru eftir því fjölbreytt: Málverkum og ljósmyndum, vídeóverkum og skúlptúrum, skjölum og gripum, handritum og hljóðupptökum er teft saman í margslunginni umfjöllun um hið fullvalda íslenska ríki og sögu þess síðustu hundrað ár. Sýningarsalurinn er ekki stór og í stað þess að reyna að segja samfellda sögu íslenska fullveldisins er farin sú skynsamlega leið að taka fyrir ákveðna þætti í þessari sögu. Sýningin er því í vissum skilningi brotakennd.



Titill sýningarinnar er sóttur í bókina sem iðulega er vitnað til þegar rætt er um íslenska sjálfstæðisþrá, *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness. Ásta Sóllilja er lífsblóm föður síns, Bjarts í Sumarhúsum, sem hann fer nærri því að fórnar fyrir einstrengingslega hugsjón um algjört sjálfstæði frá öðru fólki. Þannig er minnt á að „sjálfstæðið er lítills virði ef maður ræktar ekki ástina, kærleikann og umhyggjuna fyrir öðrum en manni sjálfum“, eins og segir í pistli sýningarstjórans Sigrúnar Ölbu Sigurðardóttur í sýningarskrá. Fullveldið er hápólitískt umfjöllunarefni og aðstandendur sýningarinnar veigra sér ekki við að snerta á pólitíkinni. Sýningin hefst á magnaðri fréttamynd Gunnars Gunnarssonar úr búsáhaldaþyltingunni 2009: Ungur mótmælandi liggur á jörðinni við Alþingishúsið, handjárnmaður fyrir aftan bak, og horfir í myndavélina. Við höfuð hans eru vopnin, skyr og bananar, í bakgrunni einkennisklæddir lögreglumenn með kylfur í beltisstað. Það fyrsta sem blasir við sýningargestinum er því áminning um þau innri átök sem eiga sér stað í hinu fullvalda ríki og þá staðreynd að ríkið sjálft er aðili í þeim átökum.



Þegar gengið er inn á sýninguna verður fyrir manni umfjöllun um fullveldisárið 1918. Þar má setjast niður á bekk úr lerki og afgangssáli – Ból eftir Tinnu Gunnarsdóttur – og hlusta á upptökur úr verkefninu **R1918**, sem er vel til fundið að nýta hér, og viðtal við Guðmund Hálfðanarson sagnfræðing um sögulegt samhengi íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Á vegginn hefur verið púslað saman ólíkum ljósmyndum og málverkum sem mynda athyglisverða klippimynd af stíl og viðfangsefnum þessa tíma. Í sérstöku uppáhaldi hjá mér er hin áhrifamikla teikning Muggs frá 1919 af kolaburði við Reykjavíkurhöfn, þar sem röð dökkklæddra andlitslausra verkakvenna burðast með kol á bakinu upp bryggjuna.

Þá er fjallað um stöðu Íslands sem danskrar nýlendu. Hugmyndin – eða klisjan – um hina kúguðu Íslendinga og illu Dani birtist í ýktri mynd í vídeóverki Ragnars Kjartanssonar þar sem listamaðurinn, berrassaður í gervi íslensks bónda, er hýddur og niðurlægður af dönskum kaupmanni. Við hlið þess hanga ljósmyndir úr verki Ólafar Nordal, Musée Islandique, af gífsafsteypum sem franskir vísindamenn gerðu af Íslendingum í mannfræðilegum tilgangi á síðari hluta 19. aldar. Þannig er saga Íslands sett í mikilvægt samhengi evrópskrar

nýlendustefnu og nýlenduhyggju. Tvírað staða landsins er rædd enn frekar í viðtali við Guðmund Hálfðanarson og Kristínu Loftsdóttur mannfræðing; Íslendingar sjálfir lögðu áherslu á að þeir tilheyrðu hvíttri, siðmenntaði Evrópu og beittu orðræðu nýlenduhyggjunnar til að undirstrika muninn á sér og íbúum annarra nýlendna, en aðrir Evrópubúar litu þó iðulega á Íslendinga sem frumstæða íbúa framandi jaðarsvæðis.

Næsti hluti sýningarinnar snýst um íslenska þjóðríkið; ríkið sjálft, upphaf þess og skipulag, og þá hugmynd um sérstaka íslenska þjóð sem liggur því til grundvallar. Þegar fullveldið var stofnað höfðu tveir þjóðfélagshópar nýlega fengið kosningarétt, konur og vinnumenn, og í viðtali við sagnfræðingana Ragnheiði Kristjánsdóttur og Erlu Huldu Halldórsdóttur er fjallað um þær stétt- og kynbundnu hindranir sem gátu orðið á vegi fólks þegar kom að þátttöku í lýðræðiskerfinu. Vídeóverk Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar, þar sem kór flytur íslensku stjórnarskrána við tónverk eftir Karólínu Eiríksdóttur, fer vel í þessu samhengi, en ég verð að viðurkenna að það var mér um megn að hlusta á hljóðupptökuna af stuðningsmönnum íslenska fótþóttlandsliðsins syngja Ég er kominn heim og öskra HÚ; minningin nægir.

Úr umfjöllun um samstöðu og samfélagsheild er leitt yfir í birtingarmyndir þeirra innri og ytri átaka sem hafa sett mark sitt á sögu þjóðríkisins, einkum um auðlindir og menningararf, svo sem þorskastríð og náttúruverndarbaráttu. Í Leynivopninu eftir Steingrím Eyfjörð birtist til að mynda óvænt fegurð togvíraklippnanna. Listamaðurinn Unnar Örn á hér tvö víðeigandi verk: Ljósmynd úr Brotabroti úr afrekasögu óeirðar á Íslandi og vídeóinnsetninguna *Mise en Scène*. Sú síðarnefnda snýst um afhendingu handritanna og er þar komið að einum veigamesta þættinum í sýningunni: Handritunum sjálfum. Það var Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem var upphaflega falið það verkefni að skipuleggja fullveldissýninguna en auk þess sætti nokkrum tíðindum þegar tilkynnt var að Árnasafn í Kaupmannahöfn myndi lána tvö handrit á sýninguna: Reykjabók Njálu og Ormsbók, sem inniheldur meðal annars Fyrstu málfræðiritgerðina. (Það hefði reyndar mátt útskýra einhvers staðar hvers vegna þessi tvö handrit eru varðveitt í Kaupmannahöfn þrátt fyrir að þau snúist um íslensk málefni.)

Það voru ekki margir gestir á sýningunni þegar ég kom á safnið en við verkið *Mise en Scène* héldu mér félagsskap tveir eldri danskir ferðamenn (því miður missti ég af viðbrögðum þeirra við vídeóverki Ragnars Kjartanssonar fyrr á sýningunni) og saman fylgdumst við með handritunum bornum á land úr varðskipinu Vædderen. Öðrum Dananum virtist blöskra kæruleysið: „Var de allesammen om bord på et skib?“ Andartaki áður hafði vakið athygli mína ljósmynd af fjöldasamkomu í Kaupmannahöfn þar sem afhendingu handritanna til Íslendinga var mótmælt. Ég varð steinhissa, hafði ekki áttað mig á því að svo margir Danir hefðu beinlínis verið andsnúnir þessum góða málstað, en áherslur íslenskra stjórnvalda síðustu ár gefa kannski ekki tilefni til mjög heilagrar

vandlætingar í því máli. Enn gutlar vatnið í Holu íslenskra fræða vestur á Melum og Stofnun Árna Magnússonar hefur ekkert sýningarrými fyrir það sem á tyllidögum er hampað sem mestu þjóðargersemi Íslendinga. Það er ánægjulegt að geta skoðað handrit í Listasafni Íslands þótt tímabundið sé (en einnig eru nokkur Jónsbók-arhandrit á sýningunni **Sjónarhorn** í Safnahúsinu).

Handritin eru sýnd í klefa sem hefur verið smíðaður í miðjum sýningar-salnum (og eru ytri veggir klefans einnig nýttir á sýningunni). Það kom mér skemmtilega á óvart hvað þessi hluti var fallegur og vel saman settur. Sérstaklega þótti mér gaman að skoða Njáluhandritin þrjú: Fyrirnefnda Reykjabók Njálu frá því um 1300, sem lánuð var af Árnastofnun í Kaupmannahöfn, 17. aldar pappírshandrit úr Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík og alveg sérstaklega skemmtilegt myndskreytt handrit frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sem inniheldur Íslendingasögur „í hjáverkum uppskrifaðar frá vordögum 1871 til vordaga 1873“ af tveimur vinnumönnum á Fellsströnd. Í kleanum eru einnig nokkur vel valin skjöl frá Þjóðskjalasafni Íslands. Það var gleðilegt að sjá sýnishorn af manntalinu 1703, því merka verki, sem rétt eins og handritin úr safni Árna Magnússonar er komið á skrá UNESCO yfir minni heimsins. Það hefði gjarnan mátt gera manntalinu enn hærra undir höfði, útskýra nánar mikilvægi þess og tengja til dæmis við þróun lýðfræði í nútímaríkinu. Þótt hin skjölin tvö í sama sýningarkassa, próventubríf og vefnaðarvörusýnishorn, séu góðir sýningargripir (og hafi einnig komið til landsins með „dönsku sendingunni“ árið 1928) er tenging þeirra við sögu íslenska ríkisins mun óljósari.

Eini hluti sýningarinnar sem mér þótti að hefði mátt binda betur saman var sá síðasti, þegar út úr handritakleanum er komið. Þar virðist markmiðið í fyrsta lagi vera að



fjalla um efnahagslegt sjálfstæði og áföll en það virðist heldur ríflegt að leggja heilan sýningarkassa undir fimm dagblaðaforsíður og eintök af rannsóknarskýrslu Alþingis frá 2010, sem er ekki mjög áhugaverður sýningargripur þótt hún sé athyglisvert plagg. Hljóðupptakan úr búsáhalda-byldingunni er hins vegar áhrifarík og hefði að ósekju mátt vera lengri. Yfir kassanum hangir ein af ljósmyndum Péturs Thomsens af virkjunarframkvæmdum á hálendinu úr seríunni Aðflutt landslag en nær ekki að njóta sín fyllilega í þessu samhengi – kannski var ég of nýbúin að sjá þessa áhrifaríku seríu á sýningu Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, **Einskismannsland**. Skammt undan hanga lopafánarnir þrír eftir Birgi Andrésson í verkinu Sameinaðir stöndum vér – sá íslenski, breski og bandaríski – og kallast á við umfjöllun um aðild íslenska ríkisins að alþjóðlegum samningum og flutning fólks af erlendum uppruna til Íslands. Samhengið þótti mér svolítið óskýrt á sýningunni sjálfri en það er skýrt betur í sýningarskrá. Hér hefði verið athyglisvert að ræða nánar eðli og mikilvægi sjálfra landamæra ríkisins, af náttúrunnar hendi og sem mannlegs sköpunarverks, en sýningarrýmið er auðvitað af skornum skammti og ekki hægt að taka allt með. Eitt var það svo sem ég saknaði úr sýn-

ingarskránni, og held að hefði dýpkað samspilið milli ólíkra þátta sýningarinnar, en það var umfjöllun um myndlistina á sýningunni og það hvernig listamenn hafa tekist á við íslenska þjóðríkið og sjálfstæðið síðustu hundrað ár.

Að því sögðu þótti mér **Lífsblómið** vel heppnuð sýning. Það er auðvelt að gera sér í hugarlund sýningu setta upp af þessu tilefni sem hefði verið miklum mun fyrir sjáanlegri, ógagnrýnni og minna spennandi. Hér er fjallað um sögu íslenska ríkisins án þess að litið sé framhjá innri átökum, misskiptingu og togstreitu. Ekki er horft á Ísland sem einangrað eyland sem hafi hlotið algjört sjálfstæði með sambandsslitunum við Dani, heldur sem hluta af Evrópu og heiminum öllum, bæði í efnahagslegum og hugmyndafræðilegum skilningi. Teflt er saman gripum úr þeim ólíku söfnum sem að verkefninu standa svo úr verður fjölbreytt, skemmtileg og áhugaverð afmælissýning.

Ljósmyndir: Sigurður Gunnarsson
Listasafni Íslands

Samtíma ljósmyndir á sýningum

Hvað skilgreinir okkar menningu? Hver erum við sem þjóð? Í hvernig samfélagi búum við? Allt eru þetta forvitnileg atriði sem má nota sem efnivið í sýningar. Samtímasýningar minjasafna eru ekki margar en gott dæmi um slíka er sýningin Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi á Þjóðminjasafninu haustið 2017. Hluti ljósmynda á þeirri sýningu var tekinn af Ívari Brynjólfssyni ljósmyndara safnsins. Öflug samvinna ljósmyndara og safnafólks gæti fætt af sér mun fleiri samtímasýningar og er þarna næsta óplægður akur.

Samtímaljósmyndarar hafa um árábil verið mjög ötulir við að vinna með ólík viðfangsefni. Þetta eru persónusögur eða samfélagssögur í víðara samhengi. Á sýningum hafa birst myndaraðir líkt og bensínstöðvar Spessa, Kárahnjúkar í meðförum Péturs Thomsen, myndir Báru Kristinsdóttur að feta slóð látins bróður síns og svo mætti lengi telja. Miðlun á samtímanum er því alls ekki fjarri augum safnagesta. Vandað

verkefni samtímaljósmyndarans David Barrero var sýnt í Þjóðminjasafni í upphafi þessa árs. Sýning Davids hét Langa blokkinn í efra Breiðholti og fjallaði um bygginguna, íbúana og umhverfið heima hjá þeim. Íbúarnir sem David myndaði voru allir af erlendu bergi brotnir og stórar portrett myndir af þeim mættu gestum þegar gengið var inn í sýningarsalinn.


Á heilum vegg var uppröðun mynda af sjálfri blokkinni þar sem hver og ein mynd var sem partur af blokkarvegnum. Svipmót blokkarinnar var líkt og virkisveggur, eins og sagði í sýningartexta.

Flöt lýsing, greinilegar uppstillingar, svipbrigðalaus andlit, kyrrð og ákveðin fágún einkenndi portrettmyndir af íbúum. Sjónum áhorfandans var beint að umhverfi, fatnaði og öðru því sem gæti gefið manneskjunni líf og persónueinkenni. Hverdagslegar myndir af rýminu eins og rauð borðstofuhúsgögn eða flatskjár í tómlegri stofunni fékk áhorfandann til að velta fyrir sér

fólkinu sjálfu í tengingu við innanstokksmuni sína. Slík nálgun er alls ekki ný af nálinni en það er nokkuð áhugavert að sjá þessa tækni notaða við miðlun fjölmenningsarsamfélags því eitt einkenni þess er einmitt fjölbreytileikinn í allri sinni mynd. Sú nálgun ljósmyndarans að gera íbúana nokkuð eintóna var þess vegna eins og hrópandi mótsögn við staðalmynd okkar af fjölmenningu og fjölskrúðugu lífi ólíkra menningarheima. Svipmót og oft á tíðum bein líkamsstaða af íbúum blokkarinnar varð einsleit, líkt og framhliðin á sjálfri blokkinni. Rétt eins og blokkinn móti íbúana. Þetta var áhugaverð úrvinnsla og framsetning þar sem David sýndi með myndmálinu hve eins við öll erum þrátt fyrir ólík þjóðerni.

Sýningartexti var knappur en ljósmyndabók var gefin út samhliða sýningunni með ítarlegri texta um verkefnið.

Í kjölfarið af þessari stuttu greiningu má velta fyrir sér með hvað augum hin almenni safngestur leit á sýn-



Frá sýningunni Langablokkinn með myndum Davids Barrero. Ljósmyndari Ívar Brynjólfsson.

inguna. Var þetta raunsönn sýn á löngu blokkina í Breiðholti, sem er 320 metrar löng með 200 íbúðum þar sem búa nokkur hundruð manns? Ljósmyndarar eru alltaf sögumenn í eigin verkum og vinna á ólíkan hátt.

Til ígrundunar skal sjónum beint að samtímasýningu í Västerbottens muse- um í Umeå í Svíþjóð. Við safnið er ljósmyndadeild sem byggir á ævistarfi eins dugmesta heimildaljósmyndara Svíþjóðar, Sune Jonssons, sem var þess utan þjóðfræðingur. Föst staða heimildaljósmyndara er við safnið og það hefur verið mjög virkt á sviði samtímasöfnunar. Nýliðin samtímasýning Prioritet: Minoritet var minjasýning borin uppi af ljósmyndum. Verkefnið fjallaði um fimm minnihlutahópa sem eru viðurkenndir af sænska ríkinu sem hluti þjóðarinnar; sem eru gyðingar, rómafólk, samar, sverigefinnar og tornedalingar. Lítið er til á söfnum í héraðinu um menningu þessara minnihlutahópa og verkefni- nu var ætlað að bæta úr þessu og fylla í tómarúm í safneign safnsins.

Þannig var söfnun gagna í Västerbotten viðamesti hluti verkefnisins.

Heimildaljósmyndari við safnið, Petter Engberg, vann að sýningunni samhliða þjóðfræðinginum Sofia Breimo. Ljósmyndun var einn mikilvægasti þáttur þessarar sýningar og verkefnis í heild. Þá bæði sem heimildaöflun og til að mynda tengsl við fólk. Hver og einn ljósmyndaður einstaklingur varð fulltrúi sinnar menningar. Ljósmyndahluti sýningarinnar, myndir Petters af fólkinu og umhverfi þess, stóð nánast einn og sér við sýningaropnun ásamt texta því fátt var um sýningargripi í byrjun. Yfir allt sýningartímabilið var tekið við og safnað eða fengið að láni; ljósmyndir, gripir, frásagnir, ljóð, myndbrot og annað sem gæti varpað ljósi á menningu fólksins. Sýningin óx þegar á leið og varð þannig vettvangur umræðna og samtals við íbúa. Samtvinning ljósmyndahlutans við önnur gögn gaf safngestum upplýsingar um viðfangsefnið langt umfram það sem hægt væri að lesa úr ljósmyndum eingöngu. Parna var sem sagt heim-

ildaljósmyndari tengdur við alla úrvinnslu og miðlun á efninu. Slíkt verklag er dýrt og tímafrekt og ekki sambærilegt við staka ljósmynda- sýningu. Verkefnið er engu að síður virkilega athyglisvert og vekur upp spurningar um miðlun í formi ljós- mynda á Íslandi.

Sérsviðið heimildaljósmyndari er ekki til hér á landi. Meðan samtímaljósmyndarar, öðrum orðum list- ljósmyndarar, leggja oft mikla heimildavinnu í verk sín þá er skortur á ljósmyndaverkefnum á minjasöfnum sem eru unnin með fræðslugildi í forgangi og miðlað sem slíkum. Ljósmyndasýningar í sölum listasafn lúta eigin lögmálum en minjasöfn mættu gjarna skoða fleiri möguleika í þverfaglegu samstarfi ljósmyndara, hvort sem væri samtímaljósmyndara eða fréttaljósmyndara, við aðra sérfræðinga við mótun sýning sem varða okkar samtíma.

Linda Ásdísardóttir, safnafræðingur

Lögnin míglak...



Þegar fyrstu húsin voru reist á Selfossi var neysluvatn sótt í brunnna sem teknir voru á nokkrum stöðum í plássinu, gjarnan í kjöllum einstakra húsa. Var vatni dælt með handdælu í tunnu uppi á háalofti. Þannig fékkst sjálfrennsli í krana og hreinlætistæki. Allir urðu að taka brunn eða fara í brunn nágrenns. Stærsti brunnurinn var skammt frá Mjólkurbúi Flóamanna, austast í þorpinu. Þegar byggðin við Ölfusá fór að vaxa var farið að vinna að stofnun vatnsveitu. Fram til 1947 var Selfoss hluti af Sandvíkurhreppi en svo virðist sem hreppsfélagið hafi ekki komið að gerð vatnsveitunnar í þessum stækkandi þéttbýlisstað en veitti þó stofnendum hennar sjálfskuldarábyrgð að láni sem tekið var við framkvæmdina. Á stofnfundi árið 1935 var ákveðið að leggja vatnsveitu fyrir Selfossbyggð og virkja lind undir Ingólfsfjalli. Stofnendur voru væntanlegir notendur vatnsveitunnar með Egil Thorarensen, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Árnesinga og stjórnarformann Mjólkurbús Flóamanna, í fararbroddi. Þessi tvö fyrirtæki áttu meir en helming í Vatnsveitufélagi Selfoss.

Smíðaðar voru sex tommu víðar trépípur sem snúnar voru saman með vír og vatnið leitt í þeim þriggja kílómetra leið frá rótum Ingólfsfjalls fram Hellismýrina, undir Ölfusárbrú og austur að Mjólkurbúi Flóamanna. Höskuldur Baldvinsson verkfræðingur sá um verkið og útvegaði verktaka.

Lögnin míglak í þrjá daga meðan hún þétti sig. Urðu einstaklingar sjálfir að sjá um heimæðar og kosta þær. Þá voru á Selfossi 27 íbúðarhús. Stærsti notandinn var Mjólkurbúi Flóamanna sem mun hafa kostað þessa framkvæmd að hálfu, enda átti það mestra hagsmuna að gæta. Þar sem það starfaði við matvælavinnslu var mikilvægt fyrir það að hafa aðgang að hreinu vatni. Plaströr hafa fyrir löngu leyst gömlu trérörin af hólmi. Vatnsveita Selfoss gaf Byggðasafni Árnesinga lítinn búið úr einu vatnsröri árið 1979.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá byltingu í lífsháttum Selfysinga sem vatnsveitan hafði. Komið var sjálfrennandi vatn í öll hús úr tærri lind við rætur Ingólfsfjalls. Ekki þurfti lengur að dæla vatni úr

brunni sem oft reyndist ófullnægjandi. Meðal annars var vatnið úr brunninum við mjólkurbúið mjög leirblandað.

Með samtakamætti tveggja stærstu fyrirtækjanna og almennra íbúa í þorpinu var ráðist í þessa framkvæmd og skipti samtakamátturinn miklu máli. Eftir stendur þessi litli trébútur úr vatnslögninni sem táknmynd fyrir samtakamátt og framfarir.

Heimildir:
Árvaka Selfoss. Þættir úr sögu Selfoss, fyrirtækja, félaga og stofnana. (Selfoss 1972), bls. 132.

Guðmundur Kristinsson: Saga Selfoss 2. bindi. Frá 1930 til 1960. (Selfosskaups staður 1995), bls. 171–173.

www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=250337

Lýður Pálsson, safnstjóri
Byggðasafns Árnesinga

Samfélagslegt hlutverk safngripa?



Safngripir segja sögur, fjölbreyttar sögur. Uppruni, eignarhald og notkun varpa ljósi á fortíðina, safngripir fela í sér upplýsingar um verkkunnáttu og lifnaðarhætti, opna dyr að horfnum heimi, eða skerpa skilning á nútímanum. Einn og sami gripurinn getur tengst ólíkum samfélagshópum, dregið fram fjölbreyttar minningar og kallað fram andstæð viðbrögð.

Það er eitt af hlutverkum safna að setja gripi í samhengi. Með sýningum og markvissri framsetningu gripa eru söfn að segja sögu þar sem hver og einn gripur leikur ákveðið hlutverk, en það er ekki endilega víst að gestirnir upplifi framsetningu gripa allir á sama veg.

Sem dæmi má taka gripi sem tákna vald eins og muni frá lögreglu. Þessa gripi getum við skoðað út frá sögu

og hlutverki lögreglunnar, að halda uppi lögum og reglum í samfélaginu. Lögreglan er fulltrúi yfirvalds hverju sinni. Lögregluhúfur og hjálmar gefa til kynna það vald og verksvið. Eflaust tengja margir lögregluhjálmar við umferðastjórnun og umferðaslys, lögreglan kemur til aðstoðar á erfiðum stundum. Á hinn bóginn má líka skoða lögregluhjálma út frá sjónarhorni einhvers sem hefur, viljandi eða óviljandi, brotið lög eða verið valdur að refsiverðu athæfi að mati valdhafa. Fólk sem hefur kynnst kúgun, blóðugum átökum og ógnarstjórn upplifir því muni sem tengjast lögreglu með allt öðrum hætti.

Safngripur sem felur í sér valdboð getur þannig vakið ólíkar tilfinningar hjá safngestum, dregið fram óþægilegar minningar, jafnvel þó safngripurinn sé settur fram á sýningu í jákvæðu sögulegu ljósi. Í mín-

um huga er það áhugavert og ögrandi verkefni að nota safngripi sem tæki til að koma af stað umræðu, bæði um hversdagslega hluti en ekki síður um erfið mál. Hlutir draga fram ólíkar myndir og minningar. Þannig getur safn gegnum safngripi myndað brú milli menningarheima auk þess að mynda brú milli fortíðar, nútíðar og framtíðar bæði hjá einstaklingum og hópum. Jafnvel hversdagslegustu hlutir eins og reglustikur og ruslafötur geta vakið upp drauga og opnað gáttir.

Gerður Róbertsdóttir,
verkefnastjóri í Borgarsögusafni



ÁRMIÐINN INNIFALINN

Það tekur tíma að fara í ferðalag sem nær yfir 1200 ár. Nú er miðinn þinn í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið líka árskort. Hann gildir í heilt ár svo þú hefur nægan tíma og ert velkomin/n eins oft og þú vilt.



Árskort gildir 1/12/2018 - 30/11/2019

Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgata 41
101 Reykjavík

Safnahúsið
Hverfisgata 15
101 Reykjavík

Sími +354 530 2200
Opð alla daga 10-17
Lokað mánudaga 16/9-30/4

www.thjodminjasafn.is
@icelandnationalmuseum
@thjodminjasafn

Allir gera það sem þeir geta



Libia Castro og Ólafur Ólafsson (1969/1973). Allir gera það sem þeir geta/Everybody is Doing What They Can 2008. Myndbandsinnsetning. Safneign Listasafns Reykjavíkur

Í safneign Listasafns Reykjavíkur eru allmörg verk sem endurspegla samfélagið á þeim tíma sem þau urðu til. Ágætt dæmi um tengsl safns, myndlistar og samfélags er verkið „Allir gera það sem þeir geta“ eftir Libiu Castro og Ólaf Ólafsson frá árinu 2008. Það varð til á fyrstu sýningu í sýningaröð í Hafnarhúsinu þar sem varpað var ljósi á tengsl safnsins og almenningsrýmisins utan veggja þess. Í höndum listamannatvíeykisins varð sýningar-salurinn að framleiðslu- og kynningar-svæði og mátti þar meðal annars sjá upptökustúdíó og klippiver. Þar gerðu Libia og Ólafur tilraunir fyrir opnum tjöldum á meðan sýningin stóð yfir. Á þeim tíma urðu til 35 myndbönd sem sýndu portrett af einstaklingum úr mismunandi þjóðfélagsstéttum og með ýmiss konar menntun og sérhæfingu. Þátttakendur sögðu frá sjálfum sér, lýstu aðstæðum sínum og uppruna


og ræddu reynslu sína og hugmyndir um allt milli himins og jarðar, jafnt heimspekileg málefni, einkamál og það sem hæst bar í þjóðfélaginu og stjórn málaumræðunni. Saman mynduðu viðtölin nokkurs konar stöðutöku á tíðaranda.

Viðmælendur voru settir í ýmsar aðstæður en héldu ávallt sínum þræði í frásögninni. Gilti þá einu hvort fólk var tekið upp í prófíl eða horfði fram, hvort ljós skiptu litum fyrir aftan það eða hvort einhverjir leikmunir voru kynntir til sögunnar. Sumir voru jafnvel huldur með teppi en sögðu frá eins og ekkert hefði í skorist. Sviðsetningin og hinir utanaðkomandi þættir kölluðu fram hugleiðingar um þau áhrif sem ólík framsetning hefur á alla miðlun upplýsinga. Sama hversu nálægt raunveruleikanum við erum mun miðillinn/milliliðurinn alltaf

lita niðurstöðuna. Hugmyndir að baki verkinu minntu þannig á margt sem hefur verið til rannsóknar í sjónrænni mannfræði og öðrum fræðum. Þannig vildi til að á miðju sýningartímabilinu varð efnahagshrunið, í október 2008. Áður voru viðtöl tekin að safnast upp í sýninguna en eins og nærri má geta smitaðist ólga samfélagsins í frásagnir viðmælenda sem komu í upptökur eftir það. Bættist þá enn ný vídd inn í verk Libiu og Ólafs sem hafði áhrif á framvindu og útkomu þess. Verkið „Allir gera það sem þeir geta“ er nú í safneign Listasafns Reykjavíkur og hefur verið sett upp í tvígang í ólíku samhengi, nú síðast á sýningunni Hrina, 2017.

Markús Þór Andrésson,
deildarstjóri sýninga og miðlunar,
Listasafni Reykjavíkur

Gefðu þér tíma og staldraðu við í Glaumbæ



Gaktu inn í hofinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algeng voru á Íslandi um margra alda skeið.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tíðkuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar. Í Áshúsi, timburhúsi frá 19. öld, eru sýningar um heimilishald á fyrri hluta 20. aldar.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
453 6173 :: byggdasafn@skagafjorður.is :: www.glaumbaer.is



25 1993 - 2018 LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI ART MUSEUM



Úrval – valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri
25. ágúst 2018 - 11. október 2020

Hjördís Frimann og Magnús Helgason
Hugmyndir
25. ágúst 2018 - 11. ágúst 2019

Svipir – valin verk úr safneign Listasafns ASÍ
25. ágúst 2018 - 17. febrúar 2019

Frá Kaupfélagsgili til Listagils
25. ágúst 2018 - 18. apríl 2021

Örn Ingi Gíslason
Lífið er LEIK-fimi
3. nóvember 2018 - 27. janúar 2019

A! Gjörningahátíð
8. - 11. nóvember 2018

Ange Leccia
Hafið
8. desember 2018 - 17. febrúar 2019

Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir
Super Black
9. febrúar - 25. maí 2019

Tumi Magnússon
Áttir
9. febrúar - 29. apríl 2019

Kaupvangsstræti 8-12 | www.listak.is | listak@listak.is | Sími 461 2610



Aðgangur ókeypis

Byggðasafn Hafnarfjarðar
Velkomin í menningarbæinn Hafnarfjörð




SKÓGASAFN

Myglusveppur herjar á safngripi



Danskir fjölmiðlar fjölluðu í sumar með dramatískum hætti um ástandið í safngeymslum þeirra 98 safna sem hlotið hafa viðurkenningu ríkisins í Danmörku. Rífað var upp að í skýrslu frá 2006 kom fram að þriðjungur af geymslum safnanna væri svo slæmar að ástand þeirra yrði ekki bætt á fullnægjandi hátt. Hlutirnir hafa ekki batnað síðan og engin lausn í sjónmáli. Forvörður með sérþekkingu á myglu sagðist hafa staðfest myglusvepp í 118 geymslum á síðustu þremur árum. Með fréttunum fylgdu myndir af safnvörðum í heillklæðnaði með súrefnisgrímu fyrir andlitum. Aðspurð gáfu yfirvöld einföld svör. Ekki yrði veitt meira í þennan mála-flokk. Menn yrðu að finna lausnir á vandanum innan þess fjárhagsramma sem söfnin hefðu.

Safnstjóraskipti í mörgum söfnum

Óvenju margir safnstjórar hafa látið af störfum á síðustu misserum. Sigrún Ásta Jónsdóttir sagnfræðingur hætti sem safnstjóri í Bygðasafni Reykjaneshæjar eftir margra ára starf og við tók Eiríkur P. Jörundsson sagnfræðingur og fyrrum forstöðumaður í Víkinni – Sjóminjasafninu í Reykjavík. Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur lét af störfum eftir áratuga störf við Bygðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ og við tók Berglind Þorsteinsdóttir fornleifa- og menningarfræðingur. Íris Ólöf Sigurjónsdóttir forvörður hætti eftir margra ára starf við Minjasafnið Hvol á Dalvík en ekki hefur verið ráðið í hennar stað. Sif Jóhannesdóttir þjóðfræðingur hætti sem forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og við starfi hennar tók Jan Aksel Klitgaard þjóðfræðingur. Sverrir Magnússon fyrrum skólastjóri lauk störfum sem framkvæmdastjóri Skógasafns eftir margra ára starf. Andri Guðmundsson þjóðfræðingur og menningarmiðlari var ráðinn í hans stað. Í Nýlistasafninu hvarf Þorgerður Ólafsdóttir af vaktinni sem yfirmaður safnsins en í hennar stað kom Dorothea Kirch. Mikil umskipti verða þegar svo margir hverfa af þessum vettvangi eftir langa og góða samfylgd. Við bjóðum nýja safnstjóra velkomna í hópinn.

Saga listasafna

Í byrjun árs 2019 mun bókin Saga listasafna á Íslandi koma út á vegum Rannsóknaseturs í safnafræðum við Háskóla Íslands. Í bókinni er greint frá stofnun og starfsemi tuttugu og fjögurra listasafna sem starfrækt eru víða um land. Höfundar greina í bókinni eru safnstjórar listasafnanna, ásamt sjálfstætt starfandi fræðimönnum. Bókin gefur greinagott yfirlit yfir mikilvægi listasafna í listkerfinu hér á landi, sem og fórnfúst starf listamanna, listaverkasafnara og almennings með áhuga á listum.

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists
eru færðar alúðarþakkir



Grassgarður Reykjavíkur

